

Það á ekkert samfélag sér betri málsvara en ánægða íbúa

Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs
Sveitarfélagsins Ölfuss í forsíðuviðtali

Starfsumhverfi kjörinna fulltrúa

Samtaka um
hringrásarhagkerfið





LOFTTRAMPÓLÍN

Framleitt af Sidijk BV



Sérstök lögun!

Úval okkar inniheldur nálæging lofttrampólín í sérstakri lögun. Þar má nefna martubjöllu, kind og skjaldiböku. Lumar þú á hugmynd? Við getum kannað möguleikana saman.



Fjölbreytileiki og gæði

Lofttrampólín frá Sidijk er góð eign fyrir flest ótveittarvæðli á fjálförðuð, við skóla, sundlaugar og þar sem börn á öllum aldri koma saman. Þau eru endingargóð og nánaft viðaldstíð. Lofttrampólín koma í margskonar litum, formum og stærðum. Þéttmynd, þemingslega eða krönglót, allt er mögulegt! Þau eru ótrúlega sterk og gerð úr bestu mögulegu efnum.



Stærðir til á lager:

8,59 x 10m = 85,9 m² (2-3 litir)

8,59 x 12m = 103 m² (2-3 litir)

8,59 x 14m = 120 m² (2-3 litir)

Fyrir endalausa skemmtun!



Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð



Bráðabirgðagreiðslumat á vefnum

REIKNADU DÆMIÐ hjá Brú

Sjóðfélögum okkar bjóðast fjölbreytt lán til íbúðakaupa, viðhalds á húsnæði eða endurfjármögnunar.

Núna er hægt að gera bráðabirgðagreiðslumat á heimasíðu okkar, www.lifbru.is/greidslumat, þar sem þú getur séð áætlaða greiðslugetu á mánuði. Gagnlegt er að nota niðurstöðu greiðslumatsins við notkun á lánareiknivélinni til að bera saman lán og lánakosti sem bjóðast.

**Kynntu þér lánaframboð okkar
og við hlökkum til að heyra frá þér.**

Útgefandi:

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, 5. hæð
105 Reykjavík
Sími: 515 4900
samband@samband.is
www.samband.is
ISSN-0255-8459

Ritstjóri:

Valur Rafn Halldórsson (ábm.)
valur@samband.is

Ritstjórn:

Valur Rafn Halldórsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

Blaðamaður:

Garðar H. Guðjónsson
gaji@mmedia.is

Auglýsingar:

Samband íslenskra sveitarfélaga

Umbrot:

Ingibjörg Hinriksdóttir

Prentun:

Prentmet Oddi -
Svansvottuð prentsmiðja

**Dreifing:**

Pósturinn

Tímaritið Sveitarstjórnarmál kemur út
2-3 sinnum á ári. Áskriftin kostar 4.000
krónur.

Gengið er frá áskrift í síma 515 4900 eða
á netfangið samband@samband.is

Forystugrein

5 Mikilvægi markvissrar stefnumörkunar

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga

6 Samtaka um hringrásarhagkerfi

12 Mikill árangur við sameiningu sveitar- félaga á kjörtímabilinu

21 Enn og aftur stefnir í mikla nýliðun í sveitarstjórnnum

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Aldísi
Hafsteinsdóttur, formann sambandsins.

Forsíðuviðtal

28 Sveitarfélagið Ölfus er í örum vexti

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Grétar
Inga Erlendsson, formann bæjarráðs
Sveitarfélagsins Ölfuss

Innflytjendur

34 Tökum fjölgun útlendinga fagnandi

Forsíðumynd:

Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Ölfuss. Ljósmynd Davíð Þór
Guðlaugsson.



Mikilvægi markvissrar stefnumörkunar

Karl Björnsson
Frákvæmdastjóri Sambands íslenskra
sveitarfélaga

Almennt er stefnumörkun eitt veigamesta hlutverk kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum. Skýr markmið og skilgreiningar á leiðum að þeim er viðfangsefni sem lýtur að hverju og einu sveitarfélagi. Því til viðbótar taka þeir kjörnu fulltrúar sveitarfélaga, sem sækja landsþing sambandsins í kjölfar sveitarstjórnarkosninga, þátt í stefnumörkun fyrir sveitarstjórnarstigið í heild. Venjan hefur verið sú að í aðdraganda landsþingsins hefur sambandið sent sveitarfélögum mikið og ítarlegt efni til undirbúnings þeirrar stefnumótunarvinnu sem fram fer. Þessi undirbúningur hefur þróast í árána rás og alltaf viljum við hjá sambandinu gera betur, læra af reynslunni og auka gæði þeirrar vinnu sem við innum af hendi til að þjóna sveitarfélögum og sveitarstjórnarfólki sem best.

Mikið hefur verið rætt um þá miklu endurnýjun sem verður hjá kjörnum fulltrúum í hverjum sveitarstjórnarkosningum. Í síðustu þrennum kosningum hafa um 54-58% kjörinna fulltrúa að meðaltali hætt eftir kjörtímabilið. Hlutfall kvenna í þeirri mælingu er um og yfir 60%. Sú þekking á málefnum sveitarfélaga sem hverfur við þessa endurnýjun hefur því augljóslega ekki nýst á fyrsta landsþingi eftir kosningar þar sem stefnumótunarvinnan fer fram. Það er mikilvægt að fanga þessa reynslu við stefnumótunarvinnu sambandsins. Því var ákveðið að bregðast við þessu.

Efnt var til fimm samráðs- og upplýsingafunda í mars og apríl þar sem sveitarstjórnarfólk sem hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri var sérstaklega hvatt til að taka þátt. Einnig var ákveðið að breyta uppsetningu stefnumörkunarinnar með því að kaflar hennar voru brotnir upp í fleiri efnisliði en áður. Horft var m.a. til þeirra breytinga sem hin nýju farsældarlög hafa á starfsemi sveitarfélaga. Einn fundurinn fjallaði því t.d. um velferðarmál fullorðinna og annar um skóla- og velferðarmál barna. Þessu til viðbótar var ákveðið að biðja alla þátttakendur að hugsa stefnu og markmið í einstökum málum út frá þremur víddum, þ.e. allar ábendingar yrðu skoðaðar með „gleraugum“ jafnréttis, loftslagsmála og byggðamála. Mjög góð umræða var á þessum fundum og mun það sem þar hefur komið fram nýtast við þá stefnumótunarvinnu sem fram fer á landsþinginu í haust.

Hjá sambandinu er mikill vilji til að haga starfseminni þannig að hún sé ávallt skilvirk og markviss. Skýr stefnumörkun, sem í sumum tilvikum skilgreinir leiðir, er grunnforsenda, undirstaða og aflvaki slíkra vinnubragða. Eins tryggir sú stefnumótunarvinna sem fram fer á landsþinginu breitt eignarhald stefnunnar og þannig verður þungi hennar mikill sem styður mjög við framgang hennar gagnvart ríkinu og öðrum þeim sem stefnan beinist að. Með slíkum stuðningi eru skapaðar kjöraðstæður fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigins og sækja fram í þeim málum sem sveitarstjórnarmenn kjósa að hafa í forgangi.

Ég óska öllu sveitarstjórnarfólki velfarnaðar í störfum sínum og gleðilegs sumars.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HÝSINGU
OG REKSTUR TÖLVUKERFA
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

www.tris.is - 480-3300

TRIS

Ein heild í þína þágu

Samtaka um hring

Eygerður Margrétardóttir, verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
og Freyr Eyjólfsson, verkefnastjóri Hringrásarverkefnisins hjá Sorpu

Eitt mikilvægasta vopnið í baráttunni við loftlagsvandann er innleiðing hringrásarhagkerfis. Núverandi línulegt hagkerfi byggist á ósjálfbærri nýtingu auðlinda og miðast við að framleiða – kaupa – nota – henda – og kaupa nýtt. Það er brýn nauðsyn á að endurhugsa allt efnahagskerfið sem hringrásarhagkerfi sem miðast við að hámarka verðmætin og auðlindirnar, auka endurnotkun, almenna flokkun á úrgangi og endurvinnslu til að halda vörum og verðmæti þeirra og innihaldi inni í hagkerfishringnum eins lengi og mögulegt er. Hringrásarkerfið, græna leiðin í fjárfestingum og framleiðslu, er ekki bara mun vistvænna kerfi, sem sparar og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, heldur líka hagkvæmara fyrir atvinnulífið og hið opinbera til lengri tíma litið.

hringrásarhagkerfi

Samband íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið hefur hleypt áttakinu Samtaka um hringrásarhagkerfi af stökkunum. Alls skráðu sig 52 sveitarfélög í eitthvert af þremur verkefnum innan átaksins en þátttakan er án endurgjalds og var skráningarfrestur frá 28. febrúar til 11. mars sem var svo framlengdur til 18. mars. Rétt um 100 kjörnir fulltrúar og lykilstarfsfólk sveitarfélaga hafa verið skráðir tengiliðir við átakið af þeim sveitarfélögum sem ákváðu að taka þátt.

Stórt verkefni – skammur tími til stefnu

Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki í úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Nýjar kröfur í regluverki úrgangsmála fela í sér mikla áskorun fyrir flest sveitarfélög sem nú vinna af kappi að því að innleiða breytingarnar fyrir 1. janúar 2023. Umfangsmiklar breytingar voru gerðar á lögum um meðhöndlun úrgangs í júní 2021 ásamt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og

lögum um úrvinnslugjald. Þessar breytingar koma flestar til framkvæmda í lok þessa árs og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs.

Sambandið hefur komið að og haft umsjón með ýmsum stuðningsverkefnum í tengslum við breytt lagaumhverfi í úrgangsmálum. Nýlega kynnti sambandið t.a.m. greinargerð um breytta innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs sem unnin var af verkfræðistofunni EFLU sem er að finna á vefsíðu sambandsins. Sambandið leiðir einnig gerð handbókar fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélög með aðkomu Umhverfisstofnunar og með aðstoð VSÓ ráðgjöf ehf. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki í mars. Sveitarfélögum er nú boðið að taka þátt í þremur verkefnum sem falla undir „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ til að tileinka sér þessar breytingar.



Eygerður Margrétardóttir
Verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra
sveitarfélaga



Freyr Eyjólfsson
Verkefnastjóri hringrásarhagkerfisins hjá
Sorpu

Svæðisáætlanir eru verkfæri

„Svæðisáætlanir sveitarfélaga - sem verkfæri í ákvarðanatöku“ er hluti af áttakinu „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ og hefur það markmið að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs sem vettvangur upplýstrar ákvarðanatöku í úrgangsstjórnun. Verkefnið er hugsað sem vettvangur sameiginlegrar þátttöku sveitarfélaga sem hafa ákveðið að standa saman að gerð svæðisáætlunar, skv. 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, en einnig getur sveitarfélag skráð sig eitt og sér.

Svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs hafa þann tilgang að skapa umgjörð utan um samtal og stærri ákvarðanir sveitarfélaga á viðkomandi svæðum um

úrgangsforvarnir og um söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs. Í árslok 2020 féllu flestar svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs úr gildi og nú er einungis ein svæðisáætlun í gildi á landinu auk þess sem svæðisáætlun fyrir SV-land er á lokametrunum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Samkvæmt breytingu á þessari sömu lagagrein, sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2023, skal Umhverfisstofnun hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og senda umhverfisráðuneytinu ábendingu ef „sveitarstjórn gefur ekki út svæðisáætlun eða svæðisáætlun er ekki í samræmi við lög og reglur“.

Þau sveitarfélög sem ákveða að taka þátt í svæðisáætlana hluta fá:

- Lágmarksstöðumat á sínu svæði á magni úrgangs í einstökum flokkum og fleiri þáttum sem skipta máli fyrir úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs.
- Tækifæri til að taka þátt í vinnusmiðju um svæðisáætlanir þar sem fram fer fræðsla og samtal um úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfið.
- Stutta greinargerð um stöðu, markmið og aðgerðir á svæðinu möguleika á

þátttöku í reglulegum fundum sem sambandið mun standa fyrir um úrgangsstjórnun sveitarfélaga og hringrásarhagkerfið.

Innkaup í anda hringrásarhagkerfis lykillinn

Annað verkefni átaksins „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ snýr að innkaupum sveitarfélaga á þjónustu, vörum og framkvæmdum í úrgangsmálum og verður sveitarfélögum sem eru á leið í útboð á næstunni boðið að taka þátt í samstarfi um útboðsgerðina. Lögð verður áhersla á útboð á þjónustu við söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs sem á eftir kemur. Hvort sem er við heimili íbúa eða á grenndarstöðvum, söfnunar- og/eða móttökustöðvum.

Markmið verkefnisins er að tryggja að ákvarðanir sveitarfélaga um úrgangsstjórnun og nýlegar

”
Til eru margar mismunandi útfærslur af BPHE kerfum sem í grófum dráttum er skipt upp í kerfi sem nota annars vegar rúmmál sem viðmið og hins vegar þyngd.



Ljósmynd: Sorpa bs.

Við komum fjármagni á hreyfingu

Motus býður heildarlausn í innheimtu fyrir sveitarfélög og þjónar 70% íslenskra sveitarfélaga. Við veitum framúrskarandi aðgengi fyrir greiðendur með sjálfsafgreiðslu á greiðendavef og víðu neti útibúa.

Akranes

Bárugata 8-10
300 Akranes

Ísafjörður

Hafnarstræti 19
400 Ísafjörður

Akureyri

Hafnarstræti 91-95
600 Akureyri

Reykjanesbær

Krossmóar 4a
230 Keflavík

Blönduós

Þverbraut 1
540 Blönduós

Reykjavík

Katrínartún 4
105 Reykjavík

Egilsstaðir

Kaupvangur 3A
700 Egilsstaðir

Selfoss

Austurvegur 4
800 Selfoss



Ljósmynd: Sorpa bs.

lagabreytingar rati inn í innkaup þeirra í kaupum á þjónustu, vörum og framkvæmdum í úrgangsmálum. Í samstarfinu verður boðið upp á stuðning til sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu stendur til boða fræðsla um ábyrgð sveitarfélaga á úrgangsstjórnun og opinber innkaup með áherslu á meðhöndlun úrgangs fyrir bæði kjörna fulltrúa og lykilstarfsfólk sveitarfélaganna en einnig ráðgjöfum sem sveitarfélögin hafa á sínum vegum. Stuðningurinn snýr jafnframt að lagalegum úrlausnarefni og leiðbeiningum um góða starfshætti við opinber innkaup og greiningu með hliðsjón af þeim lagalegu kröfum í úrgangsstjórnun sveitarfélaga sem koma til framkvæmda 1. janúar 2023.

Þau sveitarfélög sem ákveða að taka þátt fá:

- Greinargerð ráðgjafa með niðurstöðum vinnulota sem þátttakendur fá aðgang að.
- Tækifæri til að endurspeglja stöðuna á sínu svæði í kynningarefni og umræðum.
- Tillögur, leiðbeiningar og sniðmát að útboðsgögnum sem ráðgjafar vinna upp úr fyrirmyndum erlendis,

kynningarefni og niðurstöðum umræðuhópa. Þær geta nýst sem grunnur fyrir sveitarfélög í innkaupum.

Nánari upplýsingar um lagabreytingarnar og stuðningsverkefni sambandsins er að finna á vefsíðu sambandsins.

Borgað þegar hent er kerfi

Síðasti hluti átaksins varðar innleiðingu á svokallaðri *Borgaðu þegar hent er* (BPHE) aðferð við innheimtu sem sveitarfélögum er gert að innleiða í lok árs skv. 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Verkefnið er nánari útfærsla á niðurstöðum verkfræðistofunnar EFLU frá því í janúar 2022 um greiningu á mögulegum útfærslum.

Til eru margar mismunandi útfærslur af BPHE kerfum sem í grófum dráttum er skipt upp í kerfi sem nota annars vegar rúmmál sem viðmið og hins vegar þyngd. Útfærslur eru mishentugar fyrir sveitarfélögin og geta þau valið um að nýta sér eitt eða fleiri kerfi við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs. Verkefnið gerir ráð fyrir að öllum sveitarfélögum verði gert kleift að innheimta gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs hjá sínum íbúum í gegnum

álagningarkerfi Fasteignaskrár, í takt við rúmmál þess úrgangs sem fellur til sem var sú leið sem niðurstöður EFLU bentu til að væri fær og hagkvæm leið.

Nýlegar lagabreytingar hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélögin í landinu þar sem þau bera mikla ábyrgð á meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. að heimilisúrgangi sé safnað og að innheimta gjald fyrir þessa þjónustu. Með nýlegum lagabreytingum er þeim gert að koma því þannig fyrir að innheimta verði sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs niður á hvern aðila og að fast gjald skuli takmarkast við 50% til ársins 2025 og 25% eftir það. Þessar breytingar þýða að flest sveitarfélög þurfa að aðlaga gjaldskrár sínar og innheimtukerfi. Sveitarfélög þurfa að taka skref frá því að nota kerfi sem innheimtir fast gjald, í að nota innheimtukerfi sem er sniðið að því magni og tegund úrgangs sem hver og einn lætur frá sér.

Nánari upplýsingar um átakið er að finna á vefsíðu sambandsins.



Sveitarfélög framtíðarinnar

Kröfur um öfluga og skilvirka þjónustu kalla sífellt á aukna hagkvæmni í rekstri sveitarfélaga, markvissa nýtingu fjármuna sem og stafræna þróun til þess að bæta þjónustu við íbúa.

RR ráðgjöf sem hefur sérhæft sig í ráðgjöf til sveitarfélaga sameinaðist nýlega við KPMG. Sameinaðir kraftar okkar tryggja heildstæða ráðgjöf og þjónustu í fremstu röð fyrir sveitarfélög.

Dæmi um þjónustu okkar við sveitarfélög:

- Fjármálaráðgjöf
- Endurskoðun og reikningsskil
- Fjárhagsætlanagerð
- Verkefnastýring
- Upplýsingatækniráðgjöf
- Stjórnendamælaborð sveitarfélaga
- Innleiðing farsældarlaga

Nánari upplýsingar er að finna á vef KPMG eða í síma 545 6000.

Sameining sveitarfélaga:

Mikill árangur við sameiningu sveitarfélaga á kjörtímabilinu

- Róbert Ragnarsson, stjórn málafræðingur MA og ráðgjafi hjá KPMG



Róbert Ragnarsson
stjórn málafræðingur MA og ráðgjafi hjá
KPMG

Stefna stjórnvalda, þ.e. Alþingis, ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, er að styrkja sveitarstjórnarstigið, m.a. með því að sveitarfélög myndi fjölmennari einingar. Fjárhagslegur stuðningur við sameinuð sveitarfélög hefur verið stórauðinn í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og Alþingi hefur samþykkt viðmið um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum sem taka gildi við næstu sveitarstjórnarkosningar. Stefnuorkunin er skýr og má fullyrða að aðgerðir stjórnvalda hafi skilað árangri á þessu kjörtímabili, en sameiningar hafa ekki verið fleiri frá kjörtímabilinu 2002 til 2006.

Þegar þessi grein birtist munu niðurstöður kosninga um sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps annars vegar og Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar hins vegar, liggja fyrir. Verði þær tillögur samþykktar, verða til tvö ný sveitarfélög. Á þessu kjörtímabili hafa þegar verið samþykktar fjórar aðrar sameiningartillögur.

- Múlaþing, sameinað sveitarfélag Borgarfjarðarhrepps,

Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, tók gildi á árinu 2020.

- Sameinað sveitarfélag Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar
- Sameinað sveitarfélag Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar
- Sameinað sveitarfélag Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps
- Sameinað sveitarfélag Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps
- Sameinað sveitarfélag Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Í heildina verða þá 64 sveitarfélög í landinu í upphafi nýs kjörtímabils, en níu þeirra munu hafa færri en 250 íbúa. Meðal sveitarstjórnarfólks er mikil umræða um frekari sameiningu sveitarfélaga og munu líklega margar raungerast á næsta kjörtímabili.




Meðal sveitarstjórnarfólks er mikil umræða um frekari sameiningu sveitarfélaga og munu líklega margar raungerast á næsta kjörtímabili.

Framlög Jöfnunarsjóðs skapa mikinn hvata

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir framlög til að styðja við sameinuð sveitarfélög, og gætu þau orðið rúmir 4 milljarðar króna vegna ofangreindra sveitarfélaga.

Framlögin skiptast í þrjú flokka:

- Fast framlag 100 m.kr. til að greiða fyrir breytingar í stjórnsýslu og þjónustu
- Skuldajöfnunarframlag sem miðar að því að jafna skuldastöðu, og getur að hámarki orðið 400 m.kr.
- Bygðaðframlag að hámarki 200 m.kr. sem tekur mið af íbúapróun síðustu fimm ára.



Mynd: Þróun í fjölda sveitarfélaga frá 1950. Heimild: Gunnar Úlfarsson, hagfræðingur

Í tilfelli nokkurra fámennra sveitarfélaga eru framlögin yfir milljón krónur á íbúa. Ljóst er að fjárhagslegir hvatar eru miklir og geta skipt sköpum við að skapa aukin lífsgæði fyrir íbúana. Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til að greiða allt að fimmtán milljarða á næstu fimmtán árum í sameiningarverkefni og gæti því reynt á hámarksgreiðslu um milljarð hvert ár eftir því hvernig úthlutunum verður háttað.

Tilraunir í stjórnsýslu í sameinuðum sveitarfélögum

Í þremur nýsameinuðum sveitarfélögum verða gerðar tilraunir í stjórnsýslu sem byggja á svokölluðum sérreglum um stjórn og stjórnskipulag sem finna má í 132. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæðið opnar möguleika á tilraunum í stjórnsýslu sem veita færi á yfirvegaðri þróun á sveitarstjórnarstiginu, m.a. vegna stækkunar sveitarfélaga.

- Í Múlaþingi var byggð upp ný tegund stjórnskipulags með fáum en

fjölmennum nefndum sem funda ört, og Heimastjórnnum á hverjum stað.

- Í Þingeyjarsýslu er unnið að þróun stjórnskipulags með dreifðri ábyrgð á formlegu hlutverki sveitarstjóra, og fjölmennri sveitarstjórn.
- Í Austur-Húnavatnssýslu er unnið að þróun stjórnskipulags með fjölmennri sveitarstjórn sem hefur það að markmiði að auka líkur á að íbúar af öllu svæðinu hafi rödd.
- Við Breiðafjörð eru uppi hugmyndir um þróun stjórnskipulags með Dreifbýlisráði sem byggja á sambærilegum lausnum og Heimastjórnir, ef sameiningartillagan verður samþykkt.

Við vinnum saman að lausn áskorana

Stefna stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins og aðgerðir til að styðja við þá stefnu hafa haft mikil áhrif á því kjörtímabili sem er að ljúka, og fyrirsjáanlega mun áhrifa þeirra gæta

áfram á því næsta. Undirritaður hefur unnið með öllum samstarfsnefndum um sameiningu sveitarfélaga sem hafa starfað á þessu kjörtímabili. Reynslan er að samvinna kjörinna fulltrúa og starfsmanna, opin og einlæg samskipti og virk leit góðra lausna sem taka mið af hagsmunum íbúa og samfélags á viðkomandi stað, geta skilað góðum árangri.



Ljóst er að fjárhagslegir hvatar eru miklir og geta skipt sköpum við að skapa aukin lífsgæði fyrir íbúana.



Framboð og eftirspurn:

Er staðbundið lýðræði í hættu vegna mikillar endurnýjunar í sveitarstjórnnum?



Eva Marín Hlynsdóttir
 Próffessor í Opinberri stjórnsýslu við
 Stjórnfræðideild Háskóla Íslands

Nýlega kom út skýrslan *Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnnum á Íslandi*.¹ Í henni er farið ítarlega en þó ekki á tæmandi hátt yfir niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir 466 kjörna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnnum í lok árs 2020. Svarhlutfall var 51%. Markmið könnunarinnar var að fá greinargóða innsýn inn í starfsumhverfi kjörinna fulltrúa og viðhorf þeirra til málefna sveitarstjórnarstígsins. Með könnuninni var í fyrsta skipti safnað saman upplýsingum um upplifun kjörinna

1 Ásdís A. Arnalds og Eva Marín Hlynsdóttir. 2022. *Reynsla kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórn*. Háskóli Íslands. <https://stjornsyslustofnun.hi.is/node/1751>

fulltrúa óháð staðsetningu eða stærð sveitarfélaga. Niðurstöðurnar eru því mikilvægt framlagt til að auka skilning og þekkingu á viðhorfum og aðstæðum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum á Íslandi.

Mikil endurnýjun í sveitarstjórnnum á síðustu kjörtímabilum hefur vakið athygli en hún hefur almennt verið í kringum 60% en hlutfall nýkjörinna kvenna er nokkuð hærra en karla (67% í kosningunum 2018), sem telst með því hæsta sem gerist á Norðurlöndunum. Sambærilegar tölur frá Danmörku sýna að í kringum 40% eru að jafnaði nýkjörnir fulltrúar eftir hverjar kosningar. Norskar tölur eru ívið hærri með 52% nýkjörna (karlar 49% og konur 57%).

Endurnýjun getur verið af tvennum toga. Sú fyrri er hluti af stjórnmálakerfinu þar sem einstaklingur tapar sæti í sveitarstjórn vegna þess að viðkomandi nær af einhverjum ástæðum ekki inn á framboðslista fyrir kosningar eða vegna þess að hann nær ekki kjöri inn í sveitarstjórn. Tilraunir til þess að stýra samsetningu fulltrúa í sveitarstjórnnum með kerfisbundnum hætti felast meðal annars í því að flokkar setja sér kynjakvóta til þess að tryggja að eitt kyn geti ekki setið að öllum sætum í sveitarstjórn. Þessi leið byggir á því að viðkomandi einstaklingar velji að bjóða

”

Í könnuninni kom fram að kjörnir fulltrúar ynnu að jafnaði 50 klukkustundir á mánuði í tengslum við störf kjörins fulltrúa.

síð fram sem kjörna fulltrúa.

Hin ástæðan fyrir endurnýjun er þegar kjörinn fulltrúi ákveður sjálfviljugur að bjóða sig ekki aftur fram til sveitarstjórnarstarfa. Við þetta er erfiðara að eiga heldur en fyrri ástæðu endurnýjunar. Rannsókn höfundar þessarar greinar frá 2017² veitti vísbendingar um að ástæður þess að kjörnir fulltrúar ákvæðu að gefa ekki kost á sér væru margþættar og að þær gætu verið ólíkar milli kynja eða eftir stærð sveitarfélaga. Þó bentu niðurstöður sterklega til þess að einhverjir þættir í starfsumhverfi kjörinna fulltrúa hefðu áhrif á vilja þeirra til að bjóða sig aftur fram til kjörs. Í þessari könnun kom fram að um 40% aðspurðra ætluðu á þeim tímapunkti

2 Eva Marín Hlynsdóttir. 2017. *Dutiful citizen or a pragmatic professional? Voluntary retirement of Icelandic local councillors*. *Stjórnfræði og Stjórnsýsla*. 13(2), 169-188



ekki að gefa kost á sér aftur, könnunin frá 2020 sýndi sambærilegar niðurstöður eða 38% sjálfviljugt brotthvarf.

Hugtakið starfsumhverfi er margþætt. Undir það getur í raun allt fallið sem með beinum eða óbeinum hætti hefur áhrif á störf hins kjörna fulltrúa. Hugtakið tími er þannig mjög mikilvægt í þessu samhengi. Tími er ekki óþrjótandi auðlind og vald einstaklinga yfir þeirra eigin tíma getur verið mjög misjafnt. Þannig er algengt að þeir sem sitja í sveitarstjórnnum tilheyri hópum sem hafi mikla stjórn á eigin tíma. Standi til að mynda í eigin atvinnurekstri eða séu stjórnendur á ólíkum sviðum. Þó segjast 20% aðspurðra í könnuninni 2020 af og til hafa átt erfitt með að sækja fundi vegna vinnu og 12% frekar eða mjög oft.

Í könnuninni kom fram að kjörnir fulltrúar ynnu að jafnaði 50 klukkustundir á mánuði í tengslum við störf kjörins fulltrúa. Að lágmarki unnu einstaklingar 4 klukkustundir á mánuði en að hámarki

212 klukkustundir. Mestur tími fór í undirbúning funda (12,4 stundir), næstmesti í setu á nefndarfundum annarra en sveitarstjórnar (10,4 stundir), önnur óskilgreind verkefni tóku líka mikinn tíma (8,4 stundir) en seta á sveitarstjórnarfundunum sjálfum tók að jafnaði sjö stundir á mánuði. Að síðustu tóku fundir með samflokksfólki að jafnaði um 5,7 stundir. Aðrir þættir eins og opnir fundir með íbúum eða þátttaka á opinberum vettvangi tóku skemmri tíma. Ef einstaklingar með störf kjörins fulltrúa að aðalstarfi eru teknir út fyrir sviga (15% aðspurðra féllu í þann flokk) þá fellur meðal vinnutími kjörinna fulltrúa niður í 40 stundir á mánuði.

Sambærilegar tölur frá Danmörku sýna að kjörnir fulltrúar sem hafa önnur störf en störf kjörins fulltrúa að aðalstarfi vinna að jafnaði 18 stundir á mánuði í tengslum við hlutverk sitt sem kjörnir fulltrúar. Munurinn er því umtalsverður. Þegar nánar er rýnt í þessar tölur kemur

í ljós að 77% aðspurðra eru í fullu starfi annars staðar en 39% segjast vera í skertu starfshlutfalli sem kjörinn fulltrúi. Eftir því sem sveitarfélagið er fjölmennara þeim mun meiri líkur eru á því að fólk hafi minnkað við sig dagvinnu til að sinna störfum kjörins fulltrúa. Stærð sveitarfélags hefur marktæk áhrif á hversu miklum tíma kjörnir fulltrúa eyða í störf tengd sveitarstjórnarmálum. Þannig eyða 55% aðspurðra í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa 25 stundum eða minna á mánuði í verkefni tengd sveitarstjórnarmálum. Sambærilegt hlutfall er 33% fyrir sveitarfélög með 500-1.999 og 2.000-4.999 íbúa en enginn aðspurðra í sveitarfélögum yfir 5.000 íbúum vann 25 stundir eða minna. Að sama skapi þá vinna einungis 13% aðspurðra í fámennasta hópi sveitarfélaga meira en 40 stundir á mánuði, hlutfallið er 33% í flokki 500-1.999 íbúa og 39% í 2.000-4.999 íbúa en 83% í sveitarfélögum með 5.000 íbúa. Mikill fjöldi vinnustunda þarf ekki að koma



20 ára!

Við þökkum sveitarfélögum um allt land árangursríkt samstarf í skipulags- og umhverfismálum í 20 ár

Skipulag, landnotkun og byggðapróun

Bjóðum námskeið fyrir sveitarfélög í:

- skipulagsmálum
- samráði
- blágrænum ofanvatnslausnum
- hagnýtum landupplýsingum

Nánar á www.alta.is/namskeid eða á namskeid@alta.is

Gátlisti fyrir skipulagsferlið www.alta.is/gatlistar

Yfirlit um skipulagsmál, innviði og náttúruvernd www.vefsja.is

á óvart í fjölmennustu sveitarfélögunum þar sem algengara er að kjörnir fulltrúar séu annað hvort í fullu starfi sem slíkir eða í skertu starfshlutfalli. Hins vegar vekur álagið í millistöru sveitarfélögunum nokkra athygli.

Fyri rannsóknir hafa sýnt fram á að sveitarfélög með á bilinu 500-3.000 íbúa eru almennt með tiltölulega fámenna stjórnarsýslu³ í þessum sveitarfélögum er líka óalgengara að kjörnir fulltrúar séu í skilgreindu starfshlutfalli. Því þarf ekki að koma á óvart að þegar spurt var hversu fullnægjandi fólk teldi greiðslur eða laun fyrir störf kjörins fulltrúa vera þá töldu aðeins 16% í hópi sveitarfélaga með 500-1.999 íbúa svo vera og 24% í hópi sveitarfélaga með 2.000-4.999 íbúa. Sambærileg hlutföll voru 30% í fámennustu sveitarfélögunum og 42% í fjölmennustu sveitarfélögunum. Óánægjan með launin er þannig mest

³ Eva Marín Hlynsdóttir. 2019. Local administrative capacity based on the presence of expert staff in municipal city Halls and inter-municipal cooperation entities Stjórnarmál og stjórnarsýsla. 15(1), 1-20

í sveitarfélögum í hópnum tveimur með á bilinu 500-5.000 íbúa. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að benda á að þegar spurt var hvort fólk hygðist bjóða sig aftur fram til sveitarstjórna að þá voru aðeins 22% aðspurðra í stærstu sveitarfélögunum sem hugðust hætta en yfir 40% í hinum hópnum þremur þar sem hlutfallið var hæst í þeim fámennasta eða 49% aðspurðra.

Annar þáttur sem skiptir máli og hér verður ekki komið inn á nema að litlu leyti er sá tími sem eftir stendur þegar launaðri vinnu og sveitarstjórnarstörfum lýkur. En þetta er sá tími sem kjörnir fulltrúar eyða í aðra ólaunaða vinnu eins og heimilisstörf eða umönnun ættingja utan eigin heimilis. Þá er ótalin samvera með fjölskyldu og vinum. Þarna skiptir aldur marktækt máli en 95% aðspurðra undir 39 ára aldri nefnir sem ástæðu fyrir brotthvarfi að sveitarstjórnarmálin taki of mikinn tíma frá fjölskyldu og 86% aðspurðra í þessum aldurshópi vilja einbeita sér að öðru starfi sem þeir gegna. Íslenskt sveitarstjórnarfolk virðist að jafnaði vera nokkuð yngra en kollegar þeirra í

”

Það er því lykilatriði að horfa heildstætt á tíma kjörinna fulltrúa þegar hugmyndir um að draga úr endurnýjun í sveitarstjórnnum eru metnar.

Danmörku. Aldur hefur þannig bein áhrif á hversu mikinn tíma kjörnir fulltrúar eru tilbúnir til eða geta eytt í störf kjörins fulltrúa. Það er því lykilatriði að horfa heildstætt á tíma kjörinna fulltrúa þegar hugmyndir um að draga úr endurnýjun í sveitarstjórnnum eru metnar.

Endurnýjun í sveitarstjórnnum skiptir máli, hún er hluti af eðlilegri þróun hins pólitíska starfs á öllum stigum og merki um heilbrigði lýðræðiskerfisins. Of mikil endurnýjun getur hins vegar



snúist upp í andhverfu sína. Þegar mikil endurnýjun í sveitarstjórn fer saman með fámennri stjórnarsýslu og örum útskiptum á framkvæmdastjóra sveitarfélagsins þá getur það dregið úr skilvirkni og afkastagetu kerfisins. Mikilvægri þekkingu og reynslu skolar hratt út og svokallað stofnanaminni minnkar, slíkt getur haft neikvæð áhrif á rekstur sveitarfélaga.

Þegar þetta er ritað þá eru tvær vikur þar til skila skal framboðslistum inn til kjörstjórna. Þrátt fyrir að samkeppni hafi verið um sæti á listum í allra stærstu sveitarfélögum þá gefur staðan í sveitarfélögum með undir 5.000 íbúa ekki tilefni til bjartsýni. Reynslumikið stjórnarálfólk talar um mikla erfiðleika við að manna lista og þá sérstaklega efstu sætin. Ef fram fer sem horfir þá gætum við horft fram á mikla aukningu í óhlutbundnum kosningum eða jafnvel sjálfkjörnum listum. Umræða um vanda við að manna lista í litlum og millistórum sveitarfélögum hefur áður komið fram en vandinn virðist meiri og djúpstæðari nú en oft áður. Þetta í samhengi við niðurstöður könnunar á meðal sveitarstjórnarfólks frá 2020, bendir til þess endurnýjun í meginþorra íslenskra sveitarfélaga verði áfram mjög mikil í næstu kosningum.

Staðbundið lýðræði er ein af meginforsendum valdreifingar og þá um leið sjálfstjórnar sveitarfélaga. Að sama skapi þá er ein af meginröksemdafærslum fyrir vestrænum hugmyndum um sjálfstjórn sveitarfélaga sú að til staðar sé lýðræðislegt beint kjör í sveitarstjórnir úr röðum íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórnarkosningar eru þannig ein af meginstöðum staðbundins lýðræðis. Kosningaþátttaka í íslenskum sveitarfélögum hefur farið minnkandi í síðustu kosningum og þegar það fer saman við tregðu íbúa til að gefa kost á sér til setu í sveitarstjórn þá eru það skýr hættumerki sem ber að taka alvarlega. Það er því mikilvægt að haldið verði áfram að rýna í starfsaðstæður kjörinna fulltrúa á næstu misserum og gripið verði til aðgerða til að reyna sporna við minnkandi áhuga íbúa sveitarfélaga á þátttöku í pólitísku starfi.

Hugleiðing sveitarstjórnarmanns:

Við erum stödd í glerhúsi

Kristján Þór Magnússon fráfarandi sveitarstjóri Norðurþings



Ásgerður Gylfadóttir, formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar, og Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, á landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2019.

Hvað finnst þér að betur hefði mátt fara þegar þú lítur til baka?

Listinn yfir það er örugglega ótæmandi, en ef það er eitthvað eitt sem mér finnst gleymast alltof oft þá er það sú ótrúlega staða sem við á Íslandi búum við. Ég geri mér grein fyrir því að samfélagsumræðan á miðlunum ýtir ekki beint undir raunsanna mynd af því sem ég er að koma að, sem vonandi getur orðið fólki vakning til þess að „snúsa“ samfélagsmiðlana öðru hvoru og lifa raunverulega lífinu ögn meira lifandi. Því miður, eins frábærir og samfélagsmiðlar geta verið, þá er of oft næstum útilokað að skilja misræmið í neikvæðri og óvæginni umræðunni annarsveggar og þeirri staðreynd að af öllum löndum veraldar sitjum við í efstu sætunum þegar skoðaðir eru þættir eins og efnahagslegur stöðugleiki, kaupmáttur launa, hamingja íbúa, öryggi íbúa, heilbrigðisþjónusta, framfærslukostnaður, húsnæðiskostnaður,

umferðarþungi, mengun, pólitískur stöðugleiki, jafnrétti kynjanna, gagnsæi, þróun menntakerfisins, lífslíkur, vergar þjóðartekjur á íbúa, og loftslag svo eitthvað sé nefnt. Þetta sýna rannsóknir með óyggjandi hætti og fyrir það megum við vera stolt, þakklát og ánægð. Það þýðir ekki að allan fjandann má gera mun betur en gert er í dag, en hvernig væri að taka oftast höndum saman og af-dramatísera umræðuna í meira mæli, vera sanngjarnari við hvort annað þegar tveir deila og áður en við skrifum eitthvað sem Internetið er að fara að varðveita fyrir barnabarnabörnin okkar til að skoða, að hugsa sig tvisvar um áður en fyrsta steininum er kastað. Það er svo fjári vandræðalegt að átta sig ekki á því fyrr en að steininum er sleppt að við erum stödd í glerhúsi.



Vestrahorn - Ljósmynd: Teodor Kuduschiev / Unsplash

Íbúakosningar rafrænar eða staðbundnar



Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur verið að undirbúa rafrænar kosningar í samræmi við 108 gr. sveitarstjórnarlaga frá því í september 2021.

Aðdragandi málsins var sá að íbúar í sveitarfélaginu óskuðu eftir heimild til að safna undirskriftalista um að samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar um breytingar á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag í Innbæ yrði sett í íbúakosningu. Bæjarráð samþykkti erindið um fyrirhugaða undirskriftasöfnun á fundi sínum þann 29. júní 2021 í umboði bæjarstjórnar.

Undirskriftasöfnunin vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi í innbæ, fór fram hjá Þjóðskrá. Á kjörskrá voru 1.590 einstaklingar, fjöldi þeirra sem skráðu nafn sitt á undirskriftalistann var 353 eða 22,2 %. Skv. samþykktum sveitarfélagsins skal bæjarstjórn verða við ósk um almenna atkvæðagreiðslu ef 20% þeirra sem eiga kosningarétt óska þess. Þegar sveitarstjórn hefur ákveðið að halda íbúakosningu skv. 1. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga er henni heimilt að

óska eftir því við ráðherra að kosningin fari eingöngu fram með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna kosningarinnar verði rafræn. Samkvæmt reglugerð nr. 966/2018 um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna kosninga þarf sveitarstjórn að óska eftir samþykki ráðherra fyrir framkvæmd rafrænnar íbúakosningar. Send var inn beiðni til ráðherra um heimild til að framkvæma rafræna íbúakosningu.

Eftir að erindið var sent fór af stað undirbúningur starfsmanna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Þjóðskrár Íslands og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Ég fann strax fyrir miklum velvilja og áhuga hjá ráðuneytinu og var mikið kapp á það lagt að sveitarfélagið gæti framkvæmt íbúakosninguna rafrænt. Þjóðskrá Íslands ber að tryggja að nothæft kosningarkerfi sé til staðar og það þarf að uppfylla



ENOR



Þjónusta við sveitarfélög og stofnanir

Starfsmenn Enor hafa áralanga reynslu af fjölbreyttum verkefnum fyrir sveitarfélög og stofnanir þeirra. Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, skjóta og góða þjónustu og höfum á að skipa traustu starfsfólki með mikla starfs- og verkefnareynslu.

Endurskoðun

- Ytri endurskoðun
- Innri endurskoðun
- Ferlagreiningar og innra eftirlit
- Önnur staðfestingavinnna

Skattaráðgjöf

- Ráðgjöf og úrlausnir flókinna skattamála
- Ráðgjöf tengd virðisaukaskatti
- Ráðgjöf og úrlausnir á sviði félagaréttar
- Stofnun félaga, slít, samrunar, skiptingar ofl.

Reikningsskil

- Aðstoð við gerð reikningsskila
- Úrlausn álitamála og flókinna viðfangsefna
- Ráðgjöf tengd fjárhagsáætlanagerð

Önnur ráðgjöf

- Hagkvæmniathuganir
- Verðmat félaga og rekstrareininga
- Ýmis önnur ráðgjöf

Við tökum vel á móti þér

öryggisviðmið. Fljótlega var farið að vinna með kosningakerfið Valmund sem er í eigu Advania. Til að tryggja að kerfið uppfyllti öryggisviðmið þurfti að framkvæma á því öryggisúttekt. Sú úttekt lá ekki fyrir fyrr en í lok febrúar 2022 og niðurstaða hennar kallaði á lagfæringar á kosningakerfinu. Á sama tíma unnu starfsmenn að undirbúningi staðbundinna kosninga og var stefnan tekin á að kosið yrði í byrjun janúar 2022. Þá bættust við önnur flækjustig og dómsmálaráðuneytið var dregið að borðinu, ný kosningalög tóku gildi um áramót sem breytti undirbúningi töluvert. Í undirbúningsferlinu vafðist fyrir okkur hversu marga kjörstaði okkur bæri að nýta en í sveitarfélaginu eru 5 kjörstaðir þegar kosið er í sveitarstjórnar- og alþingiskosningum. Utankjörfundaratkvæðin flæktust einnig fyrir okkur en það er dómsmálaráðuneytið sem felur sýslumanni að skipuleggja framkvæmd hennar. Svo er það kostnaðurinn sem felst í því að framkvæma staðbundnar kosningar sem var um þrjár m.kr. fyrir síðustu alþingiskosningar.

Óljóst hvort hægt verði að nýta rafrænt kosningakerfi

Staðan í dag er því þannig að ég veit ekki enn hvenær hægt verður að nýta rafrænt kosningakerfi en sveitarfélagið hefur nú fallið frá því að framkvæma rafræna íbúakosningu og verður kosið um málið samhliða sveitarstjórnarkosningum 14. maí, bæjarstjórn tók þá ákvörðun á fundi sínum fimmtudaginn 10. mars sl.

Tilfni kosninganna var aðal- og deiliskipulagsbreyting á Höfn þar sem markmiðið var að fjölga íbúðarlóðum um sjö talsins með því að bæta við lóðum í gróna byggð. Slíkt er alltaf umdeilt en á sama tíma er mikill lóðar- og húsnæðisskortur en aðeins þrjár lóðir eru lausar til úthlutunar á Höfn í dag. Undirbúningur kosninganna hefur nú tekið átta mánuði til viðbótar við þann tíma sem skipulagsvinnan tók. Niðurstöðu er ekki að vænta fyrr en 14. maí nk. Það var okkur því mikil vonbrigði að þrátt fyrir ákvæði sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar og reglugerð um

rafrænar kosningar er sveitarfélögum í dag ómögulegt að framkvæma rafrænar íbúakosningar. Þessi reynsla Hornfirðinga hefur þó flýtt því að Þjóðskrá Íslands geti boðið upp á rafrænt kosningakerfi sem uppfyllir öryggisviðmið. Jafnframt voru til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosningar á vegum sveitarfélaga) nú í mars. Það verður því vonandi hægt að framkvæma rafrænar íbúakosningar með einföldum hætti innan fárra mánaða.

”
Það er því lykilatriði að horfa heildstætt á tíma kjörinna fulltrúa þegar hugmyndir um að draga úr endurnýjun í sveitarstjórnnum eru metnar.



Sveitarstjórnarkosningar fara fram 14. maí 2022

Athygli sveitarstjórnarfólks er vakin á því að vefurinn www.kosning.is hefur verið opnaður vegna sveitarstjórnarkosninganna 14. maí 2022. Sérstök athygli er vakin á tímalínu sveitarstjórnarkosninganna sem finna má á vefnum. Tímalínan í stuttu máli - nánari tímasetningar eru á vefnum www.kosning.is

6. apríl - Viðmiðunardagur kjörskrár.

23. apríl - Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar má hefjast á stofnunum.

8. apríl - Síðasti möguleiki til að skila framboði.

12. maí - Síðasti dagur til að skila inn beiðni um heimakosningu.

11. apríl - Yfirkjörstjórn boðar umboðsmenn á sinn fund og greinir frá meðferð á einstökum listum.

13. maí - Utankjörfundar-atkvæðagreiðslu erlendis lýkur.

14. apríl - Síðasti dagur til að auglýsa framkomin framboð.

14. maí - Kosningu utan kjörfundar innanlands lýkur kl. 17:00.

15. apríl - Utankjörfundaratkvæða-greiðsla hefst.

14. maí - Kjördagur

Sveitarstjórnarkosningar í maí 2022

Enn og aftur stefnir í mikla nýliðun í sveitarstjórnnum

Aldís Hafsteinsdóttir ræðir við Garðar H. Guðjónsson um óvenjumikla endurnýjun í hópi sveitarstjórnarfólks og mikið brottfall sveitarstjóra á kjörtímabilinu

Ákveðin endurnýjun í hópi sveitarstjórnarfólks og sveitarstjóra er auðvitað nauðsynleg og heilbrigð en þessi mikla endurnýjun sem orðið hefur í þessum hópi á undanförunum árum og undanförunum kjörtímabilum er óvenju mikil og ekki góð. Við höfum til dæmis aldrei áður upplifað eins mikla hreyfingu á sveitarstjórum eins og á þessu kjörtímabili. Yfirleitt var þetta þannig að sveitarstjórar entust að minnsta kosti kjörtímabilið en misstu svo kannski starfið í ljósi kosningaúrslita en þetta mikla brottfall á yfirstandandi kjörtímabili er óvanalegt. Á þessu eru eflaust margar skýringar. Ein skýring er sú að það sé mun flóknara að vera sveitarstjóri og í sveitarstjórn nú en áður var. Og þau öru skipti á sveitarstjórnarfólki sem orðið hafa í undanförunum kosningum gera viðfangsefnin snúnari en ella. Það má ekki vanmeta mikilvægi þess að fólk hafi ákveðna reynslu í þessum störfum og að skipti fulltrúa séu með eðlilegum hætti en ekki þannig að mikill meirihluti í sveitarstjórnnum ákveði að hætta í hverjum kosningum. Þetta skapar ákveðna ókyrrð á sveitarstjórnarstiginu og er ekki heppileg þróun að mínu mati, segir Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins og bæjarstjóri í Hveragerði í samtali við Sveitarstjórnarmál.

Sambandið hefur haldið utan um upplýsingar um endurnýjun sveitarstjórnarfólks og sveitarstjóra á undanförunum árum og kjörtímabilum. Samkvæmt þeim varð endurnýjun í sveitarstjórnnum á bilinu 54-58 prósent

í kosningunum 2010, 2014 og 2018 sem er óvenju mikið. Þá hefur það vakið athygli Aldísar og samstarfsfólks hennar hjá sambandinu hve margir sveitarstjórar hafa horfið úr starfi á yfirstandandi kjörtímabili.

Fólk með reynslu

Sjálf býr Aldís að mikilli reynslu af störfum að sveitarstjórnarmálum. Hún varð varabæjarfulltrúi þrítug að aldri og hefur verið bæjarfulltrúi síðan 1998. Þar af bæjarstjóri undanfarin 16 ár.

„Við höfum sem betur fer ekki upplifað þessa miklu endurnýjun hér í Hveragerði. Það hlýtur að vera svo skemmtilegt að vinna í bæjarstjórninni hérna að fólk vill endilega halda því áfram. Í bæjarstjórn eru nokkrir með mikla reynslu en engu að síður hefur orðið eðlileg og góð endurnýjun. Formaður bæjarráðs hefur til dæmis setið í bæjarstjórn í 16 ár. Forseti bæjarstjórnar er 33 ára og er hann að ljúka sínu fyrsta heila kjörtímabili í bæjarstjórn, í kosningunum í vor mun hann leiða lista. Einn fulltrúi minnihlutans hefur sömuleiðis setið tvö heil kjörtímabil.“



Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, er hugsi yfir þeirri miklu endurnýjun sem verið hefur meðal sveitarstjórnarfólks undanfarin ár og er fyrirsjáanleg í kosningunum í maí.



En auðvitað er hér líka eðlileg endurnýjun og það er afar jákvætt og gott að sú endurnýjun sé með eðlilegum hætti“, segir hún.

Aldís hefur fylgst náið með óvenju miklu brottfalli sveitarstjóra á kjörtímabilinu sem lýkur í vor.

„Mér finnst sérkennilegt að verða vitni að því hversu margir sveitarstjórar endast skammt í þessu starfi. Kannski er það vegna þess að starf sveitarstjóra hefur breyst mjög mikið og það snýst um svo miklu meira en rekstur og bókhald. Sveitarstjórar eiga í krefjandi samskiptum við sveitarstjórnarfólk og íbúa og þurfa að vera sérstaklega lunknir við það. Ef ég þyrfti að ráða sveitarstjóra myndi ég setja hæfni í mannlegum samskiptum sem fyrstu hæfniskröfu. Starfið snýst um mannleg samskipti að stærstu leyti og í þeim þurfa sveitarstjórar að hafa meiraprófið!“



Jafnvel þegar fólk heldur að það sé komið í skjól heima hjá sér hellast oft og tíðum skammirnar yfir ef fólk verður það á að kíkja á samfélagsmiðla.

Mikil endurnýjun fyrisjáanleg

Þótt framboðslistar séu ekki alls staðar komnir fram þegar þetta er skrifað segir Aldís ljóst að víða stefni enn eina ferðina í mikla endurnýjun í sveitarstjórnnum. Dæmi eru jafnvel um að heilu sveitarstjórnirnar muni endurnýjast í

kosningunum í vor. Hún segir hugsanlegt að mikil endurnýjun í kosningunum 2010 (57%) skýrist að minnsta kosti að hluta til af efnahagshruninu og því mikla fjárhagslega höggi sem sveitarfélög urðu fyrir af völdum þess. Hins vegar hafi flest sveitarfélög náð fljótt vopnum sínum og það skýri því ekki mikla endurnýjun 2014 (54%) og 2018 (58%).

„Það var víða erfitt að stýra sveitarfélögum eftir hrunið en það hefur lagast mikið. Hins vegar er rekstur sveitarfélaga orðinn flóknari en áður var með tilkomu nýrra verkefna eins



og málefna fatlaðra. Það getur verið ein skýring. Sveitarstjórnarstigið hefur brugðist við breyttu umhverfi með stækkun sveitarfélaga með sameiningu. Við þurfum að stækka einingarnar enn frekar og hraðar til að verða betur í stakk búin til að takast á við verkefni og veita lögbundna þjónustu. Það hefur að mínu mati ekki gengið nógu vel en þó eru dæmi um sameiningu sveitarfélaga á undanförunum misserum og á

undanförnum vikum ekki síst. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig ýmiss konar nýbreytni í stjórnarháttum hinna nýsameinuðu sveitarfélaga mun ganga.“

Hörð og óvægin gagnrýni

„En það sem margt sveitarstjórnarfólk kvartar yfir er það mikla áreiti sem það verður fyrir bæði í starfi og einkalífi og hefur stórauðist með tilkomu og stórauðinni notkun samfélagsmiðla. Áður þótti fólk ekki tiltökumál þótt kjósendur létu það heyra það í búðinni eða á mannafótum. En nú er hvergi og í raun aldrei friður fyrir hvers kyns áreiti sem oft er mjög óvægið. Jafnvel þegar fólk heldur að það sé komið í skjól heima hjá sér hellast oft og tíðum skammirnar yfir ef fólk verður það á að kíkja á samfélagsmiðla.

Fólk sem getur valið hvað það gerir í frítíma sínum kærir sig kannski ekki til lengdar um að sitja undir þeirri miklu og oft óvægnu gagnrýni sem það verður fyrir á samfélagsmiðlum. Fólk gefur kost á sér til starfa í sveitarstjórn til að láta gott af sér leiða og vill upplifa árangur af störfum sínum en verður oft og tíðum fyrir harkalegri og kannski oft ósanngjarnri gagnrýni. Fram kemur í nýlegri könnun sem sambandið stóð að meðal annarra að ríflega helmingur sveitarstjórnarfólks hefur upplifað mikið álag í starfi til lengri tíma. Þá verður í mörgum tilvikum eitthvað undan að láta.



Myndirnar með greininni eru teknar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2019. Ljós.: HGT

Fráveitulausnir með Weholite og X-Stream



uponor **wavin**

Set er framleiðandi og söluaðili á Weholite og X-Stream lagnakerfum frá Uponor og Wavin. Vörurnar hafa reynst vel í flóknum og krefjandi verkefnum fyrir sveitarfélög og veitustofnanir.



Framúrskarandi
fyrirtæki

Þetta getur reynst fólki mjög erfitt. Það er mikilvægt að allir temji sér betri samskiptahætti en gjarnan tíðkast nú á samfélagsmiðlum. Meginreglan ætti að vera sú að sleppa því að skrifa á samfélagsmiðla það sem þú treystir þér ekki til að segja við fólk í eigin persónu. Það á ekki bara við í þessu samhengi heldur almennt í samfélaginu. En það er nú enginn svo bjartsýnn að halda að það gerist á einni nóttu. Þeir sem staldra stutt við í sveitarstjórnarmálum ná ekki að brynja sig fyrir óvæginni gagnrýni eins og við höfum neyðst til að gera sem höfum starfað lengur í sveitastjórnnum“ segir Aldís.

Aðstæður og kjör mismunandi

Í frétt vegna umræddrar könnunar segir að hún staðfesti að nauðsynlegt sé að líta til margra þátta til að bæta aðstæður kjörinna fulltrúa. Þar megi nefna skipulag, fræðslu, aðstæður, kjör og stuðning vegna erfiðra samskipta og áreitni.

Aldís segir aðstæður og kjör kjörinna fulltrúa afar mismunandi eftir sveitarfélögum. Sums staðar sé fólk í fullu starfi á ágætum launum en annars staðar sé fólk að leggja mikið á sig á mjög lágum launum.

„Það er líklega engin tilviljun að til dæmis borgarfulltrúar hjá Reykjavíkurborg vilja almennt halda sínum störfum áfram. Víða annars staðar eru störf



að sveitarstjórnarmálum illa launuð miðað við vinnuframlag. Það segir sig sjálf að það er ekki hægt að hafa fimm sveitarstjórnarmenn á fullum launum í litlum hreppum. Sameining og stækkun sveitarfélaga gæti breytt miklu um þetta.

Svo skiptir auðvitað máli við hvaða aðstæður fólk starfar. Sem dæmi má nefna að við sem stýrum sveitarfélögum hér á suðvesturhorninu erum í mikilli uppbyggingu og búum við stöðuga fólksfjölgun. Hér er verið að leggja götur, skipuleggja ný hverfi og byggja skóla og leikskóla. Meira og minna

allt Suðvesturland er eitt samfellt vaxtarsvæði. Víða úti á landi er þessu alls ekki að heilsa. Það er mikið áhyggjuefni að víða um land fækkar fólk og þá sérstaklega þar sem fjölbreytni í atvinnulífi er ekki nógu mikil. Á þessu verður að verða breyting til dæmis með flutningi opinberra starfa út á land. Störf án staðsetningar hafa einnig þegar sannað gildi sitt og þeim þarf að fjölga, en stofnanir, og þá sérstaklega nýjar, ætti skilyrðislaust að setja upp á landsbyggðinni,“ segir Aldís.

Vefsíða Jafnlaunastofu komin í loftið

Jafnlaunastofa

Á vettvangi sveitarfélaganna hefur um langt skeið verið notast við starfsmat við launasetningu starfa með það að markmiði að útrýma þeim launamun sem felst í vanmati kvennastarfa og kynskiptum vinnumarkaði. Í því felst að mat á virði starfa byggir á samræmdum viðmiðum sem á að vera laust við kynjaskekku. Það á vafalaust

veigamikinn þátt í þeirri sérstöðu sem sveitarfélögin hafa haft um nokkurt skeið í mælingum á launamun kynjanna hér á landi.

Niðurstöður síðustu launarannsóknar Hagstofunnar voru á þá leið að árið 2019 hafi óleiðréttur launamunur kynjanna verið 14,8% á almennum vinnumarkaði,

14,0% hjá ríkisstarfsmönnum og 7,4% hjá starfsfólki sveitarfélaganna. Gefur það til kynna að aðferðafræði sveitarfélaganna við launasetningu, þar sem virðismat starfa er í forgrunni, skili árangri.

Með það að markmiði að gera enn betur hafa Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga komið á fót Jafnlaunastofu með það hlutverk að styðja stjórnendur sveitarfélaga við framkvæmd launasetningar með launajafnrétti að markmiði.

Starfsaðstæður sveitarstjórnarfulltrúa og samtíminn



Guðveig Lind Eyglóardóttir
Sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð

Það er hverju samfélagi mikilvægt að þar sé fólk sem er reiðubúið að gefa kost á sér til starfa í bæjar- og sveitarstjórn. Hvati flestra til að gefa sig að sveitarstjórnarmálum er í grunninn viljinn til þess að láta gott af sér leiða til samfélagsins.

Verkefni sveitarfélaganna hafa þróast mikið á síðustu áratugum, flest á jákvæðan hátt. Sveitarstjórnarstigið hefur tekið á sig aukna ábyrgð og álag með tilfærslu verkefna frá ríkinu. Samhliða því hafa ýmsar breytingar orðið á reglugerðum í ýmsum málaflokkum sem hafa bæði verið nauðsynlegar en gjarnan verið íþyngjandi og kallað á nýjar áskoranir. Góður árangur hefur náðst í því að jafna hlutfall karla og kvenna í sveitarstjórnnum á landsvísu. Síðustu ár hafa jafnframt blasað við áskoranir

tengdar brottfalli og mikilli endurnýjun í sveitarstjórnnum sem hefur verið vaxandi áhyggjuefni.

Í aðgerðaáætlun þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023 er gerð grein fyrir sértækum verkefnum sem unnið skal að. Eitt af þeim verkefnum lýtur að starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa. Haustið 2021 var skipað í verkefnastjórn sem hóf störf í nóvember sama ár. Undirrituð er formaður verkefnahópsins sem hefur það hlutverk að vinna að greiningu á starfsaðstæðum og starfskjörum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum hér á landi. Meginmarkmið verkefnastjórnarinnar er að leggja fram tillögur sem hafa að markmiði að tryggja sem bestar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa þannig að það verði eftirsóknarvert að gefa kost á sér til starfa í sveitarstjórn.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að leita skýringa á óeðlilega mikilli endurnýjun kjörinna fulltrúa og má í því sambandi nefna að 6 af hverjum 10 kjörnum fulltrúum voru nýir eftir síðustu tvennar sveitarstjórnarkosningar. Niðurstöður þeirra rannsókna sem hafa verið gerðar í tengslum við verkefnið varpa ljósi á marga þá þætti sem tækifæri er til að bæta þegar kemur að starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa. Ljóst er að viðfangsefnið og áskoranir geta verið mjög breytilegar eftir stærð og umfangi sveitarfélaga.

Leitin að jafnvæginu á milli aðal starfsins, sveitarstjórnarstarfsins og einkalífsins

Þegar litið er á þá þróun sem hefur átt sér stað á sveitarstjórnarstiginu

”

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að leita skýringa á óeðlilega mikilli endurnýjun kjörinna fulltrúa og má í því sambandi nefna að 6 af hverjum 10 kjörnum fulltrúum voru nýir eftir síðustu tvennar sveitarstjórnarkosningar

síðustu áratugi má velja því fyrir sér hvort að starfsumhverfið, skipulag og álag hafi orðið á eftir og ekki fylgt þeim samfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað og aukningu á verkefnafjölda. Eitt af því sem hefur verið mikið rætt er mikið álag á kjörna fulltrúa þar sem sveitarstjórnarstarfið er hjá flestum viðbót við annað starf. En samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Evu Marín Hlynisdóttir, pr. í stjórn málafræði við HÍ, á reynslu kjörinna sem kom út í febrúar sl. hafa 41% fulltrúa átt erfitt með að sækja fundi sveitarstjórnar vegna annarrar vinnu. Vilji fólks til taka á sig aukastarf sem lýtur að samfélagslegum þáttum eins og sjálfbærni og félags- eða tómstundastarfi hefur einfaldlega farið þverrandi og tengist breyttum gildum þegar kemur að lífsmynstri og leit fólks að jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

Góður undirbúningur mála og dagskrá fundu, vönduð gögn, skipulagt verklag



og formfesta er mikilvægur liður í góðu starfsumhverfi og tímastjórnun. Þessa þætti þurfa sveitarfélög að tryggja sem best með góðum starfsaðstæðum og mannauð inni í stjórnsýslunni á hverjum stað. En þar er sveitarstjórnarstigið oft í samkeppni við einkageirann og stærri sveitarfélög um einstaklinga með þekkingu og færni sem leita oft í umhverfi sem býður uppá betri kjör, fjölbreyttari áskoranir og reynslu sem byggir undir frekari starfsframa og tækifæri.

Tækifæri til að bæta samskipti og orðræðu

Annar þáttur sem lýtur að álagi tengist áreiti. Áreitið getur verið af ýmsum toga. En mikið hefur verið rætt um það



Ef kjörnir fulltrúar taka meðvitaða ákvörðun um að bæta samskiptin og orðræðuna sín á milli á opinberum vettvangi mun sú breyting án efa smitast út í almenna umræðu.

áreiti sem tengist samfélagsmiðlum og óvæginni orðræðu sem þar byggist oft upp. Erfitt getur verið að eiga við samfélagssumræðuna með beinum hætti og koma í veg fyrir þá menningu sem þrífst inni á ólíkum miðlum. Nauðsynlegt er að gefast ekki upp á því að leita leiða til uppbyggilegra samskipta við almenning t.d. í gegnum gott upplýsingastreymi og miðlun til íbúa í gegnum ólíka miðla og samtöl. Lítið hefur verið rætt um það áreiti sem kjörnir fulltrúar upplifa innan stjórnmalanna. Samkvæmt rannsókn Félagsvísindastofnunar fyrir innviðaráðuneytið á áreiti þá upplifa kjörnir fulltrúar jafnframt nokkuð álag vegna neikvæðra samskipta og áreitis frá öðrum kjörnum fulltrúum sem getur verið einn þáttur í brottfalli. Þar höfum við sem störfum á vettvangi stjórnmalanna mikil tækifæri til úrbóta. Ef kjörnir fulltrúar taka meðvitaða ákvörðun um að bæta samskiptin og orðræðuna sín á milli á opinberum vettvangi mun sú breyting án efa smitast út í almenna umræðu. Ef samskipti á milli fulltrúa litast af kynbundnu ofbeldi, útúrsmúningum og ásetningi að knésetja „andstæðinginn“ opinberlega er hætt við að sá hópur sem stígi inn á svið stjórnmalanna verði einsleitur.

Þétt pólitísk umræða, skoðanaskipti og málefnalegt aðhald er nauðsynleg á vettvangi stjórnmalanna en

umburðarlyndi og gagnkvæm virðing verða ávallt að vera til staðar í allri umræðu ef við viljum ná árangri. Umhverfið getur aldrei verið betra en við sjálf og því mikilvægt að geta litið í eigin barm og metið tækifæri til úrbóta. Kjörnir fulltrúar í Akureyrarbæ hafa sýnt ákveðið frumkvæði þegar kemur að þessum málum en þau gerðu með sér samskiptasáttmála og siðareglum sem taka bæði á samskiptum og vinnulagi með góðum árangri.

Þrátt fyrir brottfall og mikla endurnýjun síðustu ár þá virðast kjörnir fulltrúar vera sammála um það að reynslan hafi verið ánægjuleg og góð. Við sem höfum fengið tækifæri til að taka þátt í sveitarstjórnarmálanum vitum að vettvangurinn er gefandi og tækifæri sem skapast til að mynda tengsl við fólk úr öllum flokkum ásamt því að fá að taka þátt í árangri og umbótum í okkar sveitarfélögum.

Stefnt er að því að verkefnahópur um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa skili af sér tillögum í haust. Ljóst er að það er að mörgu að hyggja til að bæta starfsumhverfið og aðlaga að samtímanum. Verkefnahópurinn lítur í þessu tilliti til margra ólíkra þátt sem snerta bæði aðbúnað, kjör og stærð sveitarfélaga ásamt fjölda fulltrúa.

Samkomulag um afkomumarkmið og efnahag sveitarfélaga 2023–2027



Í lögum um opinber fjármál er kveðið á um í 11. gr að við mótun fjármálaáætlunar skuli ráðherra og sambandið f.h. sveitarfélaga gera með sér samkomulag um afkomu og efnahag sveitarfélaga.

Í lok mars sl. skrifuðu Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra undir samkomulag um afkomumarkmið og efnahag sveitarfélaga fyrir árin 2023–2027.

Helstu atriði samkomulagsins eru eftirfarandi.

- Dreigið verði úr halla hins opinbera yfir tímabil fjármálaáætlunar. Í lok tímabilsins, árið 2027, verði halli á rekstri hins opinbera ekki meiri en 0,7% af VLF. Hækkun opinberra skulda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) stöðvist fyrir árslok 2026.

- Afkomuhorfur sveitarfélaga hafa batnað frá fyrri áætlunum. Samkomulagið gerir ráð fyrir að dregið verði úr hallarekstri A-hluta sveitarfélaga yfir tímabilið. Halli á heildarafkomu sveitarfélaga fari þannig úr 0,7% af VLF árið 2022 í 0,4% af VLF 2023, 0,3% af VLF árin 2024 og 2025 og loks 0,2% halla árin 2026 og 2027.
- Þróun launakostnaðar í afkomuáætlun árána 2022–2024 er byggð á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Árin þar á eftir er gengið út frá þeirri forsendu að laun hækki árlega um 1,5% umfram verðbólgu.
- Rekstrarafkoma sveitarfélaga verði jákvæð og batni yfir tímabilið. Fjárfesting verði meiri en sem nemi rekstrarafgangi. Varfærni sé þó gætt til að markmið um að stöðva skuldaförnun sem hlutfall af VLF á tímabilinu náist.
- Hækkun á skuldum sveitarfélaga sem hlutfall af VLF stöðvist eigi síðar en fyrir árslok 2026. Gangi forsendur fjármálaáætlunarinnar eftir er ekki útlit fyrir að sveitarfélögin þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana til að ná settu markmiði um skuldir.


”

Fjármálaáætlun er byggð á framsetningu fjármála hins opinbera á grunni þjóðhagsreikninga sem er töluvert frábrugðin hefðbundnum ársreikningum sveitarfélaga.

Rétt er að taka fram að fjármálaáætlun er byggð á framsetningu fjármála hins opinbera á grunni þjóðhagsreikninga sem er töluvert frábrugðin hefðbundnum ársreikningum sveitarfélaga.

Í samkomulagi um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga fyrir árin 2021–2025 sem undirritað var haustið 2020 var fjöldi verkefna tilgreindur sem aðilar hugðust vinna að í sameiningu á gildistíma þess samkomulags. Þar á meðal voru heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, auk endurmats á útgjöldum vegna hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða. Mörg þessara verkefna eru enn í vinnslu og er samkomulag um að áfram skuli unnið að þeim undir yfirumsjón samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar.

Í samkomulaginu kemur fram að samkomulagið bindur ekki hendur einstakra sveitarfélaga. Engu að síður segir í samkomulaginu að staðfesting Sambands Íslenskra sveitarfélaga á því feli í sér að sambandið muni kynna efni samkomulagsins fyrir sveitarfélögum. Sambandið muni jafnframt mælast til þess við sveitarfélögin að þau skipi fjármálum sínum í samræmi við forsendur og markmið samkomulagsins.

A man with a beard, wearing a blue textured coat over a white shirt and dark trousers, stands on a rocky shore. He has his hands in his pockets and is looking towards the camera. The background shows a rocky coastline with the ocean in the distance.

Það á ekkert samfélag sér betri málsvara en ánægða íbúa

Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs, ræðir við Garðar H. Guðjónsson um ævintýranlegan vöxt og uppbyggingu í Sveitarfélaginu Ölfusi á undanförunum árum.

Það leikur enginn vafi á því að íbúum hér mun halda áfram að fjölga. Það er náttúrulega ótrúleg staða þegar það gerist að sveitarfélag sé uppselt hvað húsnæði snertir eins og hér hefur verið. Stundum hefur ekki ein einasta fasteign verið til sölu. Þessu höfum við reynt að mæta með því að skipuleggja og stuðla að frekari byggingu íbúðarhúsnæðis og síðast þegar við auglýstum 34 lóðir fengum við 1.118 umsóknir þannig að það fer ekki á milli mála að áhugi á búsetu hér er mikill. Við erum því með ítarlegar áætlanir um fjölgun íbúa og frekari uppbyggingu innviða og atvinnulífs, segir Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Ölfus, í samtali við Sveitarstjórnarmál.

Eins og fleiri sveitarfélög í nálægð við höfuðborgarsvæðið hefur Sveitarfélagið Ölfus haft mikið aðdráttarafli fyrir nýja íbúa. Samhliða hefur farið fram mikil uppbygging innviða og atvinnulífs. Og ekki er útlit fyrir að lát verði á þessari þróun á næstu árum, að sögn Grétars Inga. Íbúum hefur fjölgað um næstum því tfu prósent á undanförunu ári og mikil þörf er fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis til að mæta eftirspurn.

Aukin lífsgæði

Eins og Grétar Ingi bendir á var um tíma ekkert íbúðarhúsnæði til sölu í Þorlákshöfn. Allt uppselt.

Hann segir hluta skýringarinnar á fjölgun íbúa vafalaust vera að fólk sé að flýja ástandið á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu þar sem húsnæðisverð er í sögulegum hæðum og framboð óvenju lítið.

„Við Ölfusingar erum orðin nær 2.500 talsins og hefur fjölgað um 9,5 prósent á síðustu 12 mánuðum. Það er mjög athyglisvert að dæmigerðir nýir íbúar í Þorlákshöfn eru þör á aldrinum 25-40

ára með tvö til þrjú börn á leikskóla- og grunnskólaaldri. Á sama tíma er hlutfall eldri borgara að lækka hér, ólíkt því sem almennt gerist. Hér er hlutfall eldri borgara 10 prósent samanborið við til dæmis 18 prósent í Hveragerði.

Það spilar auðvitað inn í ákvörðun fólks um að flytja hingað að hér getur fólk keypt sér rúmgott einbýlishús fyrir verð blokkaríbúðar í höfuðborginni. Ég held hins vegar að aðalástæða þess að fjölskyldur velji Þorlákshöfn sem búsetukost sé lífsgæðaaukningin sem í því felst. Hér er þjónustustig hátt og íbúar mælast þeir ánægðustu á landinu. Það á ekkert samfélag sér betri málsvara en ánægða íbúa,“ segir Grétar Ingi og bætir við að sveitarfélagið sé góður staður til ala upp börn.

Allir þekkja alla

„Íþrótt- og tómstundastarf er fjölbreytt og gott, skólarnir frábærir og börn geta gengið á milli staða án þess að það þurfi að hafa áhyggjur af þeim. Allt skutl milli staða er því úr sögunni. Gæðastundum með vinum og fjölskyldu fjölgar sem leiðir til meiri lífsfyllingar og hamingju.



Það spilar auðvitað inn í ákvörðun fólks um að flytja hingað að hér getur fólk keypt sér rúmgott einbýlishús fyrir verð blokkaríbúðar í höfuðborginni.

Við erum enn fremur einstaklega vel staðsett hér í útjaðri borgarinnar með þessa fallegu strönd og víðerni til allra átta. Hér eigum við náðið og opið landsbyggðarsamfélag þar sem allir þekkja alla en um leið er það svo að ef okkur vantar eitthvað þá tekur það okkur ekki nema 25 mínútur að aka til Reykjavíkur. Við njótum því þess besta af landsbyggðinni og höfuðborginni í senn. Margir kjósa að aka til höfuðborgarsvæðisins vegna vinnu en stefna okkar er sú að í það minnsta jafn margir sækji hingað vinnu og sækja héðan störf annað. Við erum ekki og ætlum ekki að verða svefnbær.“

Löng reynsla af fjölmenningsamfélagi

Hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúum sveitarfélagsins er nokkuð yfir landsmeðaltali eða 18,2 prósent. Grétar Ingi segir sveitarfélagið hafa langa reynslu af því að vera fjölmenningsamfélag.

„Ég held að almennt séum við sem samfélag komin út úr því að ræða erlenda ríkisborgar eins og einhvern sérstakan hóp. Þetta eru einfaldlega íbúar í okkar góða samfélagi sem heilt yfir hafa sömu þjónustupörf, langanir og væntingar eins og allir aðrir. Það er fátt annað en tungumálið sem greinir að. Við leggjum því mikið upp úr stuðningi við það sem tengist tungumálinu og svo fögnum við fjölbreytileikanum. Regnboginn er fallegri í mörgum litum. Það má vera að þessi staða sé mismunandi á milli sveitarfélaga og hér mótist þetta talsvert af því hversu



Ný hverfi hafa byggst upp í Þorlákshöfn undanfarin ár og fleiri eru í farvatninu. Myndirnar með greininni tók Davíð Þór Guðlaugsson.



margir þessara íbúa hafa verið hér lengi, alið hér upp sín börn og unnið einbeitt að því að koma sér hér upp framtíðarheimili,“ segir hann.

Miklar framkvæmdir – traust fjárhagsstaða

Mikil fjölgun íbúa á skömmum tíma hefur óhjákvæmilega áhrif á rekstur sveitarfélags og uppbyggingu innviða. Grétar Ingi segir sveitarfélagið þess albúið að taka á móti frekari fjölgun íbúa.

„Við njótum þess mjög að búa að traustum rekstri. Við höfum verið að skila góðri framlegð síðustu ár og getum því stækkað án vanda sem óhjákvæmilega fylgir því að fjárfesta með hátt skuldahlutfall. Þannig höfum við á yfirstandandi kjörtímabili tekið í notkun nýtt fimleikahús, fjölgað mjög leiguíbúðum aldraðra, stækkað leikskóla og margt fleira.

Á þessu ári erum við svo að leggja af stað með framkvæmdir við nýjan sex deilda leikskóla, nýja deild fyrir dagvist aldraðra, endurbætur á útisvæði sundlaugar og þar fram eftir götunum. Þá tekur skipulagssviðið verulega til sín vegna gatnagerðar og fráveitu. Í dreifbýlinu höfum við verið með áherslu

á vatnsveitumál og uppbyggingu á sviði fræðslumála. Þannig að það má segja að það syngi í reipunum en við ráðum við siglinguna þótt vindurinn sé sterkur.“

Búa sig undir við frekari fjölgun

Grétar Ingi býst fastlega við að íbúum muni halda áfram að fjölga á næstu misserum og árum og segir sveitarfélagið gera allar áætlanir út frá því.

„Já, það leikur enginn vafi á því að fólki muni halda áfram að fjölga og við höfum gert ráðstafanir vegna þess. Í Þorlákshöfn erum við að vinna að stækkun nýs hverfis sem heitir Vesturberg og er vestan við byggðina. Þar verður hinn nýi leikskóli og við reiknum með því að auglýsa þar einbýlishúsa- og parhúsalóðir í næsta mánuði. Við gerum ráð fyrir um 450 íbúðum þar. Við svokallaða Vetrarbraut höfum við úthlutað lóðum sem skipulagðar voru sérstaklega með þarfir eldri borgara í huga.

Þá er Móaverkefnið hér í miðbæ Þorlákshafnar eitt stærsta fasteignaverkefni á landinu en þar er búið að skipuleggja 400 lóðir og framkvæmdir við fyrstu húsin eru hafnar. Einnig er mikil og hröð uppbygging í dreifbýlinu. Í aðalskipulagi reynum við eftir fremsta



Þorlákshöfn á innan tíu ára að vera orðin Lykilhöfn í vöruflutningum til og frá Evrópu. Á þeirri vegferð verður ekkert gefið eftir.

megni að mæta þörfum þeirra sem kjósa lífsgæði sveitarinnar til að mynda með því að liðka fyrir uppbyggingu á minni húsaþyrpingum með 10 til 40 íbúðaeiningum,“ segir Grétar Ingi.

Fimm milljarðar í hafnarbætur

Samhliða mikilli fjölgun íbúa hafa bæjaryfirvöld ráðist í margvísleg atvinnuverkefni og þar gegnir höfnin í Þorlákshöfn lykilhlutverki en hún er nú þegar ein stærsta inn- og útflutningshöfn landsins og sú fimmta umsvifamesta, að sögn Grétars Inga. Fyrirhugað er að verja fimm milljörðum króna í hafnarbætur á næstu þremur árum.

„Höfnin er ein af lífæðum okkar samfélags og við höfum róið öllum árum

að því að styrkja hana og efla. Hæst ber þar ákvörðun um að breyta henni þannig að hægt verði að taka á móti allt að 200 metra löngum skipum í stað 130 metra eins og nú er. Þessi framkvæmd er forsenda margra þeirra atvinnuverkefna sem við vinnum nú að í samvinnu við innlenda og erlenda aðila.

Æ fleiri fyrirtæki sjá nú tækifæri í því að tryggja sér húsnæði eða lóð við höfnina og það mun fjölga atvinnutækifærum og þar með íbúum.

Framkvæmdir við höfnina eru fjármagnaðar af höfninni sjálfri ásamt framlögum í gegnum samgönguáætlun. Stefna okkar er einföld; Þorlákshöfn á innan tíu ára að vera orðin lykilhöfn í vöruflutningum til og frá Evrópu. Á þeirri vegferð verður ekkert gefið eftir,“ segir Grétar Ingi en hann er aðalmaður í hafnar- og framkvæmdaráði auk þess að vera formaður bæjarráðs.

Tækifæri í landeldinu

Sjávarútvegur stendur enn traustum fótum í þessari gömlu verstöð og Grétar Ingi segir að löndun á afla þar vaxi ár frá ári, ekki síst samfara aukinni komu vöruflutningaskipa sem koma vörunni beint á erlenda markaði. Auk þess er atvinnulífið að miklu leyti borið uppi af fjölda líttilla og millistorra fyrirtækja.



Leikskólinn Bergheimar í Þorlákshöfn.

„Í tengslum við uppbyggingu hafnarinnar og áherslu okkar á umhverfisvæna atvinnustefnu höfum við svo fengið til okkar mjög stór verkefni sem eru mislangt á veg komin.

Hæst ber þar landeldisverkefnin. Í heildina er nú unnið að verkefnum sem spanna framleiðslu á 80 til 120 þúsund tonnum af laxi. Til viðmiðunar sýna reynslugögn að 25 þúsund tonna fiskeldisstöð getur skapað 100-150 bein störf og enn fleiri afleidd störf. Þá er mikil áhersla lögð á hringrásarstarfsemi sem leiðir til enn fleiri starfa, til dæmis

gróðurhús, metanframleiðslu og margt fleira. Það er mikil gróska og mörg tækifæri hér að finna,“ segir Grétar Ingi.

Ný undirstöðuatvinnugrein

Hann telur að fiskeldi sé að verða ný undirstöðuatvinnugrein á Íslandi og því muni fylgja öflug hliðarstarfsemi í nýsköpun og þjónustu við greinina. Þannig muni verða til þekkingariðnaður kringum eldisferli, rannsóknir, tækjabúnað og fleira sem muni skapa ótal störf og tækifæri.

„Þar ætlum við okkur veigamikil hlutverk.“

Ýmis önnur verkefni eru einnig í undirbúningi í Ölfusi, allt frá framleiðslu á vetni yfir í verksmiðju sem framleiðir umhverfisvænt sement.

„Til að auðvelda framgang þessara verkefna og styrkja faglega aðkomu fórum við þá leið að stofna hér þekkingarsetrið Ölfus Cluster sem reynst hefur okkur afar mikilvægt. Ölfus Cluster leiðir til að mynda gerð nýrrar atvinnuálastefnu sveitarfélagsins sem er nú í vinnslu og verður vonandi tilbúin á vordögum.“

Meðal nýmæla í atvinnulífinu í sveitarfélaginu er að það hefur í samstarfi við Landsbankann og Þekkingarsetrið



Útiskemmtun á Hafnardögum.

”

Til að auðvelda framgang þessara verkefna og styrkja faglega aðkomu fórum við þá leið að stofna hér þekkingarsetrið Ölfus Cluster sem reynst hefur okkur afar mikilvægt. Ölfus Cluster leiðir til að mynda gerð nýrrar atvinnumálastefnu sveitarfélagsins sem er nú í vinnslu og verður vonandi tilbúin á vordögum.

Ölfus Cluster opnað Vinnustofuna Verið þar sem fólk sem kýs að vinna í fjarvinnu er sérstaklega boðið velkomið.

„Þar hafa nú tekið til starfa nýsköpunarfyrirtæki á borð við GeoSilica, verkfræðistofuna Portum,

verktakafyrirtækið Ölfusborg, fiskeldisfyrirtækið GeoSalmo og fleiri. Ég er sannfærður um að þessi starfsemi gerir ekkert annað en að vaxa á næstu árum,“ segir Grétar Ingi fullur bjartsýni.



Júliana Ármannsdóttir, eiginkona Grétars, ásamt Grétari og dætrum þeirra Sólveigu og Kristínu.

Hvergi betra að vera en í Þorlákshöfn

„Ég er fæddur og uppalinn í Þorlákshöfn og er því Ölfusingur í húð og hár. Hér hef ég alltaf búið og finnst mér hvergi betra að vera. Við Júliana, konan mín, festum nýlega kaup á draumaheimilinu á besta stað í bænum og búum þar ásamt dætrum okkar. Við erum einnig svo heppin að eiga hér sterkt bakland en hér búa einnig foreldrar okkar og flest systkini. Það eru því hæg heimatökin ef eitthvað vantar eða bjátar á,“ segir Grétar Ingi Erlendsson þegar hann er spurður um um uppruna sinn og heimahaga.

Hann fæddist 1983 og er markaðs- og sölustjóri hjá ferðaþjónustufyrirtækinu

Black Beach Tours í Þorlákshöfn. Að auki á hann ferðaskrifstofuna Nordic Green Travel og uppgræðsluverkefnið Plant a tree in Iceland ásamt fyrrum skólafélaga sínum. Grétar Ingi er með B.s. í ferðamálafræði og M.s. í nýsköpun og viðskiptaþróun. Hann er kvæntur Júlíönu Ármannsdóttur. Dætur þeirra eru Sólveig, 11 ára, og Kristín, 7 ára.

Hann sinnir ýmsum verkefnum í tengslum við störf sín sem bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og formaður bæjarráðs. Hann á sæti í stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, situr í stjórn Markaðsstofu Suðurlands, er aðalmaður

í hafnar- og framkvæmdanefnd, formaður stjórnar þekkingarsetursins Ölfus Cluster, situr í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og fleira.

”

Hér hef ég alltaf búið og finnst mér hvergi betra að vera.

Gamla verstöðin varð ört vaxandi þéttbýli

Óhætt er að segja að Þorlákshöfn sé ungt þéttbýli í örri þróun. Þessi gamla verstöð dregur nafn sitt af Þorláki helga Skálholtsbiskupi (1133-1193) og fer tvennum sögum af tilkomu nafnsins. Önnur sagan segir að staðurinn hafi fengið þetta nafn eftir að Þorlákur biskup steig þar á land þegar hann kom frá biskupsvígslu árið 1178. Hin sagan segir að eigandi jarðarinnar hafi í sjávarháská heitið á Þorlák helga sér til liðsinnis og svo gefið Skálholti jörðina. Talið er að áður hafi jörðin heitið Elliðahöfn.

Útræði hefur alla tíð verið frá Þorlákshöfn enda er þar besti lendingarstaður á suðurströndinni frá

náttúrunnar hendi og skammt í fengsæl fiskimið. Fram til loka 18. aldar var jörðin í eigu kirkjunnar en síðan í eigu ýmissa bænda fram til 1934 þegar Kaupfélag Árnesinga eignaðist hana. Meðan gert var út á áraskipum var ekki óalgengt að róið væri á 30-40 skipum frá Þorlákshöfn og hafa því íbúarnir verið um þrjú til fjögur hundruð yfir vertíðina. Þjuggu þeir í bygjum sem hlaðin voru úr torfi og steini.

Skráðir íbúar í Þorlákshöfn voru aðeins fjórir árið 1950, 523 árið 1970 og 1.218 árið 1990. Íbúar Sveitarfélagsins Ölfus nálgast nú að vera 2.500 talsins.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga:

Tökum fjölgun útlendinga fagnandi

Eftir Garðar H. Guðjónsson

Þessi þróun hefur verið lengi í gangi. Útlendingum fjölgar stöðugt og ég segi nú bara sem betur fer. Þeir eru til dæmis víða að sinna mikilvægum störfum sem annars gengi illa að manna, svo sem í grunnatvinnuvegum eins og ferðaþjónustu, sjávarútvegi og iðnaði og margvíslegum þjónustustörfum. Hveragerðisbær hefur svo dæmi sé tekið keypt ræstingu stofnana af verktaka undanfarin ár og ég hef að mig minnir aldrei hitt upprunalegan Íslending í þeim störfum.

Mín reynsla er sú að útlendingarnir sem hingað koma séu gott og duglegt fólk og mjög viljugir til vinnu, fólk sem er einfaldlega að leita sér að betri tilveru en þeirri sem heimalandið gat boðið upp á. Þeir eru almennt mjög virkir á vinnumarkaði. Það er algjör undantekning ef svo er ekki og þá eru ríkar ástæður fyrir því, segir Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri í Hveragerði, í samtali við Sveitarstjórnamál.

Ríflega helmingur í Mýrdalshreppi

Það vakti athygli þegar Þjóðskrá birti tölur um fjölda erlendra ríkisborgara með búsetu hér á landi í lok síðasta árs að útlendingar eru nú meirihluti íbúa í íslensku sveitarfélagi í fyrsta sinn. Þar er um að ræða Mýrdalshrepp þar sem rétt ríflega helmingur íbúa hefur erlent ríkisfang. Það er einsdæmi en engu að síður eru fjölmörg dæmi um að útlendingar séu stór hluti íbúa einstakra sveitarfélaga vítt og breitt um landið.

Fólk með erlent ríkisfang er nú 14,6 prósent íbúa landsins. Frávik frá þessu eru þó fjölmörg. Allt niður í 3,3 prósent í Skagabyggð og Skorradalshreppi upp í 51 prósent í Mýrdalshreppi. Og allt þar á milli.

Í mörgum sveitarfélögum í flestum landshlutum eru erlendir ríkisborgarar um fimmtingur íbúa. Það á meðal annars við um Reykjavíkurborg (17,9%), Grindavíkurbæ (18,8%), Suðurnesjabæ (19,6%), Grundarfjarðarbæ (22,4%), Snæfellsbæ (20,7%), Bolungarvíkurkaupstað (21%), Fjarðabyggð (18,1%), Sveitarfélagið Hornafjörð (23,3%), Rangárþing eystra (23,5%), Ásahreppur (24,1%), Rangárþing ytra (18%), Sveitarfélagið Ölfus (18,2%) og Grímsnes- og Grafingshreppur (18,5%).



Mynd: Arron Choi / Unsplash.

Víða fjórðungur eða meira

Í allmörgum sveitarfélögum er hlutfall erlendra ríkisborgara fjórðungur eða meira:

- Reykjanesbær 25,3%
- Vesturbyggð 26,3%
- Súðavíkurbær 32,4%
- Skútustaðahreppur 26%
- Langanesbyggð 25%
- Mýrdalshreppur 51%
- Skaftárhreppur 34,5%
- Hrunamannahreppur 25,6%
- Bláskógabyggð 26,4%

Að meðaltali er hlutfallið hæst á Suðurnesjum, 23,5%, en lægst á Norðurlandi eystra, 8,6%.



Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar sambandsins.

Aldís segir að sveitarfélög þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara er mjög hátt þurfi að bregðast við þeirri stöðu með margvíslegum hætti.

„Við þurfum að sjálfsgöðu að taka tillit til þess þegar talsvert hlutfall íbúa hefur annað móðurmál en íslensku og hefur alist upp við annars konar menningu en við eigum að venjast. Ýmsa hluti þarf þá að ávarpa með öðrum hætti en áður. Það var til dæmis athyglisvert að þegar jarðskjálftar voru sem tíðastir í Grindavík



Mynd: iStock Photo



Svo þurfum við að hafa í huga að þessir nýju íbúar eru ekki einsleitur hópur.

þurftu sveitarfélagið og almannavarnir að hlúa sérstaklega að útlendingum, einkum Pólverjum sem þar eru fjölmennir. Við sem höfum alist upp við alls kyns náttúruvá og haft storminn í fangið í gegnum tíðina verðum að gera okkur grein fyrir því að stór hluti íbúa í sumum sveitarfélögum hefur alist upp við aðrar aðstæður. Upplifun fólks af erlendum uppruna af jarðskjálftum í byggð getur því verið allt önnur en upplifun annarra íbúa. Taka þarf sérstakt tillit til þess,“ segir Aldís.



Mynd: Andrew Neel / Unsplash.

Spurning um hugarfar

Hún segir að viðbrögð sveitarfélaga við fjölgun erlendra íbúa hafi í gegnum tíðina verið margvísleg. Taka hafi þurft tillit til tungumálaörðugleika og menningarmunar á ýmsan hátt í þjónustu sveitarfélaga, svo sem í félagsþjónustu, á leikskólum og í skólum.

„Viðbrögð okkar við þessu eru fyrst og fremst spurning um hugarfar. Við þurfum að átta okkur á því að við búum í alþjóðlegu samfélagi og sá veruleiki að búa í einsleitu, íslensku samfélagi er víða ekki lengur fyrir hendi. Það er á allan hátt jákvætt að mínu mati en það kallar á margvísleg viðbrögð og sveitarfélögin hafa brugðist vel við að mínu mati.

Svo þurfum við að hafa í huga að þessir nýju íbúar eru ekki einsleitur hópur. Sumir dvelja hér á landi um skamma hríð vegna



Sambandið hefur af krafti tekið þátt í umræðunni og samtali við ríkið um að setja samræmdar reglur um hvernig staðið skuli að móttöku og aðlögun hælisleitenda og flóttafólks

vinnu en aðrir eru komnir hingað til að setjast hér að til frambúðar. Svo er vert að minnst þess að í þessum hópi eru líka hælisleitendur og kvótaflóttamenn sem sumir koma af stríðshrjáðum svæðum og það kallar á önnur viðbrögð og aðra og meiri aðstoð en ella.

Hér bera ríki og sveitarfélög mikla ábyrgð. Sambandið hefur af krafti tekið þátt í umræðunni og samtali við ríkið um að setja samræmdar reglur um hvernig staðið skuli að móttöku og aðlögun hælisleitenda og flóttafólks og þar er afar brýnt að samningar náist við ríkið hið allra fyrsta,“ segir Aldís.

Áhersla á börnin

Hún segir að áherslur sveitarfélaganna gagnvart innflytjendum snúi ekki síst að börnunum. Í stefnu sambandsins 2018-2022 segir að sambandið hvetji ríki og sveitarfélög til þess að huga sérstaklega að skólagöngu barna með íslensku sem annað tungumál í góðu samstarfi við foreldra og frjáls félagasamtök. Sérstök áhersla verði lögð á aðgengi allra barna að íslenskunámi, stuðning við móðurmál og virka þátttöku í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi frá leikskólaaldri.

„Það er ljóst að skólar þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum og auka fræðslu og þjónustu sem börn eiga rétt á. Það er áhyggjuefni að börnum innflytjenda gengur verr í skóla og skólaganga þeirra er oft styttri. Þau eru líklegri til að flosna upp úr framhaldsskólanámi.



Mynd: iStock Photo

Það er líka verkefni að laða þau að íþrótt- og æskulýðsstarfi því þar getur verið ákveðinn menningarmunur. Það hafa ekki allir reynslu af frístundastarfi utan skóla. Börnin fara einfaldlega heim eftir skóla og ljúka deginum þar.“

Börnunum vegni vel

„Það er ekki spurning að sveitarfélögin þurfa að stíga þarna inn í gegnum skólana og frístundastarfið og ég held að þau séu einmitt að gera það. Þau þurfa að vera meðvitað um að þetta er verkefni sveitarfélaga, að miða nám og frístundastarf að öllum börnum eftir bestu

”
Börnin eru lykillinn að framtíðinni og við þurfum að hlúa vel að þeim svo þeim geti vegnað vel í samfélaginu.

getu. Mörg þessara barna hafa átt því að venjast að skólar séu bara til hefðbundins náms og einskis annars. Það er áskorun fyrir samfélög að aðlagast breytingum og ég er sannfærð um að sveitarfélög muni halda áfram að mæta þróuninni með jákvæðni og vilja til að gera enn betur en áður.

Frístundastarf og íþróttir eru mikilvægur liður í uppeldi barna. Í því felst ákveðinn þroski og fræðsla og því ekki gott ef börn fara á mis við það. Börnin eru lykillinn að framtíðinni og við þurfum að hlúa vel að þeim svo þeim geti vegnað vel í samfélaginu. Virk þátttaka auðveldar þeim síðar meir að láta til sín taka. Við viljum að börnum fólks af erlendu þjóðerni vegni jafn vel og öðrum sem hér búa,“ segir Aldís.

Fullorðna fólkið taki þátt

Hún telur einnig mikilvægt að fullorðna fólkið taki þátt í samfélaginu, ekki bara á vinnumarkaði heldur í margvíslegu félagsstarfi.

„Innflytjendur hafa ekki blandað sér að ráði í sveitarstjórnarmál en það er full ástæða til að þar verði breyting á. Norðurlandabúar öðlast kjörgengi og rétt

til að kjósa til sveitarstjórna hafi þeir átt lögheimili hér í þrjú ár samfellt. Fólk sem hefur annað ríkisfang öðlast sama rétt eftir að hafa haft lögheimili hér í fimm ár samfellt. Það er ljóst að fjöldi fólks með erlent ríkisfang hefur búið hér nægilega lengi til að öðlast þessi réttindi. Því er auðvitað ekkert til fyrirstöðu að þessir borgarar taki þátt í stjórnmalastarfi og bjóði sig fram til trúnaðarstarfa í sínu sveitarfélagi og komist í aðstöðu til að hafa áhrif á nærsamfélag sitt.

Ég geri ráð fyrir því að það færir í vöxt á næstu árum að fólk af erlendu bergi brotið geri sig gildandi á ýmsum sviðum samfélagsins, ekki síst í stjórnmalum og hvers kyns félagsstarfi. Ég geri ráð fyrir að stjórnmalaflokkar og bæjarmálafélög séu opin fyrir því að hafa innflytjendur á framboðslistum. Hafi fólk áhuga á að taka þátt reikna ég með að því standi allar dyr opnar í því sambandi. Það er mikilvægt að kynna fyrir fólki möguleikana á að taka þátt og hafa áhrif. Það á til dæmis við um sveitarstjórnarkosningarnar sem fram undan eru. Það er mikilvægt að nýir íbúar taki þátt í þeim þegar þeir fá til þess rétt ekkert síður en þeir sem hér hafa búið lengur,“ segir Aldís.

”
Ég geri ráð fyrir að stjórnmalaflokkar og bæjarmálafélög séu opin fyrir því að hafa innflytjendur á framboðslistum.

VIÐ STYÐJUM RAUÐA KROSSINN FYRIR PÓLENDUR ÁTAKANNA Í ÚKRAÍNU



Anna Kristín Sigurðardóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ingunn Gísladóttir og Steinunn Stefánsdóttir:

Fyrstu tíu ár grunnskólans hjá Reykjavíkurborg: Stefnumörkun – umbótaaðgerðir – afdrif

Stefnumörkun og umbótaverkefni hjá Reykjavíkurborg á fyrsta áratugnum eftir flutning heildarreksturs grunnskólans til borgarinnar árið 1996 er umfjöllunarefni þessarar greinar, auk þess sem leitast er við að meta afdrif verkefnanna á árunum sem eftir komu. Greinin byggist á mun ítarlegri umfjöllun í nýútkomnu sérriti Netlu, veftímariti um uppeldi og menntun.¹

Þótt tilefnið sé að 25 ár séu liðin frá flutningnum er ekki ætlunin að meta kosti hans eða galla, hins vegar gæti efni sérritsins komið að gangi við slíkt mat. Tímabilið sem hér er til umfjöllunar nær yfir árin 1996–2005, eða frá því að grunnskólalögin 1995 komu til framkvæmda og fram að því að yfirstjórn leik- og grunnskóla borgarinnar var sameinuð áratug síðar. Árið 1996 hafði nýr meirihluti R-listans nýlega tekið við stjórn borgarinnar og ný fagleg yfirstjórn málaflokksins var ráðin. Líta má á þessa grein sem samtímalýsingu á tilteknum menntaumbótum, og greiningu á afdrifum þeirra, en slíkar lýsingar eru vandfundnar.

Aðdragandi og framkvæmd flutnings grunnskóla

Um nokkurt skeið hafði verið rætt um flutning heildarreksturs grunnskóla til sveitarfélaga. Horft var m.a. til fyrirmýnda á Norðurlöndum og víðar og alþjóðlegra strauma um sjálfstæði skólaumdæma og valddreifingu í opinberum rekstri (e. new public management). Með því að færa

stefnumótun, ábyrgð og ákvörðunarvald nær íbúum var vænst árangursríkara og heillavænlegra starfs.

Árin fyrir flutninginn hafði kennslu- og stjórnunarkostnaður grunnskóla verið greiddur úr ríkissjóði og yfirstjórn á hendi menntamálaráðuneytis. Á vegum þess störfuðu fræðsluskrifstofur í átta fræðsluumdæmum. Stofnkostnaður og rekstur skólahúsnæðis grunnskóla var aftur á móti í höndum sveitarfélaga, auk efniskaupa og fleira, í kjölfar laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1989. Þannig var mismunandi rekstrarþáttum grunnskóla sinnt af menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, fræðsluskrifstofum, sveitarstjórnarskrifstofum og í sumum tilvikum sérstöku skólaskrifstofum sveitarfélaga. Með grunnskólalögum 1995 varð stefnumótun um inntak námsins eftir hjá menntamálaráðuneytinu, þ.e. útgáfa aðalnámskrár sem kveður á um meginmarkmið náms og kennslu, námsgagnaútgáfa, námsmat og eftirlit með skólastarfi. Þannig byggðist inntak námsins áfram á sameiginlegum grunni

fyrir landið allt. Fræðsluskrifstofurnar voru lagðar niður. Til sveitarfélaganna fluttist ábyrgð á námi og kennslu, stjórnun og rekstri, þ.m.t. ráðningar og laun. Kjarasamningar kennara og annars fagfólks skólanna voru áður við ríkið en nú við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Ábyrgð sveitarfélaganna á menntun barna og ungmenna á skólaskyldualdri jókst því til muna og var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ætlað að draga úr aðstöðumun þeirra.

Sérstaða Reykjavíkur

Um þriðjungur grunnskólabarna landsins sótti skóla í Reykjavík, á bilinu 14.600 til 15.200 nemendur á árunum 1996–2005, grunnskólarnir voru frá 40 upp í 43 (sérskólum og einkareknum skólum fækkaði) og starfsmenn þeirra voru frá 2.100 upp í 2.400. Fræðslumálin urðu langstærsti málaflokkur borgarinnar og var um þriðjungi borgarsjóðs nú ráðstafað til þeirra. Stærð borgarinnar gaf möguleika á að taka skref sem gætu að ákveðnu marki gagnast öðrum sveitarfélögum.



Austurbæjarskóli í Reykjavík. Myndir með greininni eru fengnar af vef Reykjavíkurborgar.

¹ Sjá https://netla.hi.is/serrit/2022/menntaumbaetur_afdrif_teirra/01.pdf Höfundar störfuðu á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á þessu tímabili.

Nýr meirihluti í borgarstjórn og nýráðin yfirstjórn málaflokksins lögðu mikinn metnað í að standa vel undir hlutverki Reykjavíkur sem höfuðborgar við móttöku grunnskólans sem kom m.a. fram í stórauðnum fjárframlögum til skólanna en ekki síst í byggingafrákvæmdum. Hlutverk fræðsluráðs fólst í stefnumótun og eftirliti. Hlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, aðalskrifstofu grunnskólakerfisins í borginni, var annars vegar að framfylgja stefnu fræðsluráðs og menntamálaráðuneytis og safna gögnum vegna eftirlits ráðsins og hins vegar að sinna fjármálastjórnun og margvíslegri þjónustu við grunnskólana.



Engjaskóli í Reykjavík

Haldið var áfram með ýmiss konar þróunarstarf á vegum menntamálaráðuneytis og borgar frá því fyrir flutninginn. Jafnframt var bryddað upp á nýjungum og hafin vinna við margs kyns umbótaágerðir á árunum sem hér um ræðir. Breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar í upphafi tímabilsins í



Nýr meirihluti í borgarstjórn og nýráðin yfirstjórn málaflokksins lögðu mikinn metnað í að standa vel undir hlutverki Reykjavíkur sem höfuðborgar við móttöku grunnskólans.

átt til meiri dreifstýringar höfðu mikil áhrif á skólamálin, s.s. flutningur á verkefnum frá Ráðhúsinu til stofnana og aukid sjálfstæði einstakra málaflokka til að auka skilvirkni og bæta þjónustu.

Mótun skólafestnu – umbótaverkefni

Borgarstjórn samþykkti að frá og með hausti 1996 skyldu allar stofnanir Reykjavíkurborgar gera sér starfsáætlun til komandi árs og þriggja næstu ára sem var nýbreytni á þessum tíma. Innan fræðslumálanna var ákveðið að móta að auki framtíðarsýn til tíu ára með

stefnu um fimm meginþætti. Í árlegum starfsáætlunum fræðslumála voru síðan birt skref til að nálgast framtíðarsýnina og fræðsluráði gerð grein fyrir stöðunni ársfjórðungslega.

Stofnun Þróunarviðs Fræðslumiðstöðvar var á þessum tíma nýmæli í borginni. Lykiltölur, spár og niðurstöður kannana, prófa og rannsókna sem þar var safnað var ætlað að veita upplýsingar um stöðuna og draga fram hvar æskilegt væri að gera umbætur. Tölfræðilegar upplýsingar af ýmsu tagi og niðurstöður rannsókna og kannana höfðu ekki vegið þungt sem grunnur að ákvarðanatöku um stefnu og áherslur í skólastarfi hér á landi. Þessar upplýsingar voru m.a. nýttar til að undirbyggja stefnumótun um framkvæmd náms og kennslu, uppbyggingu skólahúsnæðis, þróun mannauðs skólanna, tengsl við foreldra o.fl.

Til að undirbúa stefnumörkun var strax hafist handa við að safna af vettvangi

hugmyndum um efni sem brann á fólki, afla gagna og kafa í aðstæður skólanna. Árlega var haldinn fjöldi hugarflugs- og samræðufunda um markmið með öllum hagsmunaaðilum, jafnt skólafólki sem foreldrum, auk funda í fræðsluráði og starfsfólks Fræðslumiðstöðvar. Á þessum fundum voru skráðar hugmyndir þátttakenda um áherslur og þær síðan teknar saman og gefnar út. Þannig kom gríðarlegur fjöldi fólks að mótun og þróun stefnunnar.

Kappkostað var að móta fá en skýr stefnumið sem góð samstaða var um og allir gætu þekkt og munað eftir. Jafnframt var leitast við að halda sig við áhersluatriði um nokkurn tíma þar sem stöðugleiki og samfella skipta miklu. Ríkt var kveðið á um sjálfstæði grunnskóla við að nálgast markmiðin og því var þeim lýst en ekki leiðunum að þeim.

Fimm meginstefnuþættir í tíu ára sýn þessara ára voru:

- Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda
- Skóli án aðgreiningar
- Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni
- Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags, þ.m.t. foreldrasamstarf
- Sjálfstæði skóla jafnt stjórnunarlegt, fjárhagslegt sem faglegt (innan aðalnámskrár) og jafnræði í umgjörð þeirra, þ.m.t. skólahúsnæði.

Innra starf: Kennsluhættir – einstaklingsmiðað nám

Þróun náms- og kennsluhátta frá bekkjarmiðaðri kennslu til einstaklingsmiðaðs náms, auk áherslu á samvinnu nemenda, varð fljótlega þungamiðja í stefnu og starfsáætlunum skólamála í Reykjavík – reyndar ekki nýjar hugmyndir í skólasögunni. Litið var svo á að einstaklingsmiðað nám fæli í sér skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur geti notið sín á eigin forsendum.

Unnið var sérstaklega að sjálfsmynd og félagsfærni nemenda í margvíslegum verkefnum á vegum einstakra skóla, t.d. „Stig af stigi“, „Olweus“ og



Einsetning grunnskólanna var forsenda lengingar skóladagsins.

„Uppbyggingarstefnunni“. Skólarnir unnu að ýmiss konar verkefnum sem lutu að því að tengjast grenndarsamfélaginu og stofnað var starf umboðsmanns foreldra.

Þessir meginþættir framtíðarsýnarinnar og breytingar á umgjörð, sem lýst er hér á eftir, voru hugsaðir sem hvatning til að losa um hefðbundna ramma sem fólu í sér niðurskipan nemenda í árganga og bekki, skóladags í 40 mínútna kennslustundir og námsefnis í námsgreinar – og ekki síst til að losa um bekkjarmiðaða kennslu. Ráðgjöf til skóla og kennara um aðgerðir, símenntun og annar stuðningur tók mið af þessum áherslum.



Ytri umgjörð: Sjálfstæði grunnskóla – styrking stjórnunar

Í náinni samvinnu við hóp skólastjóra var mótað nýtt reiknilíkan um úthlutun heildar fjármagns til hvers grunnskóla í kjölfar rammafjárfamlaga til einstakra málaflokka borgarinnar. Nú var fjármagn ákvarðað á hvern nemanda og þannig miðað við nemendafjölda í stað fjölda bekkjardeilda eins og áður hafði verið og fól í sér mikla miðstýringu. Breytingin skapaði skólum möguleika á aukinni fjölbreytni í niðurröðun nemenda og verkaskiptingu kennara.

Áhersla var lögð á að styrkja skólastjórnendur í faglegu leiðtoga hlutverki sem talið er mikilvægur grundvöllur að þróun hvers skóla. Reglubundið samstarf við

skólastjórnendur var eft með umræðum og fjölbreyttu framboði á símenntun, námsferðum og stuðningi starfsmanna Fræðslumiðstöðvar.

Fjölgun starfsstétta í skólunum var liður í að efla sjálfstæði þeirra, styðja kennara í starfi og styrkja stjórnunina. Þar má nefna:

- Fjölgun námsráðgjafa sem lengi hafði verið beðið eftir.
- Stofnun starfa millistjórnenda, einkum vegna nýrra verkefna skólanna.
- Tilurð starfa stuðningsfulltrúa í almennum grunnskólum (og þróun námsbrautar fyrir þá).

Starfsmannþjónusta Fræðslumiðstöðvar var stofnuð og ráðnir mannauðsráðgjafar sem var nýlunda. Hlutverk þeirra var að veita skólastjórnendum stuðning á sviði ráðninga, vinnuréttar, kjaramála og samskipta, auk þess að sjá um fræðslu og námskeiðahald einkum um bætt samskipti og starfsánægju.

Frístundaheimili (lengd viðvera) höfðu starfað við grunnskóla Reykjavíkur frá 1993 og heyrðu undir skólana í fyrstu. Settar voru fram tillögur um samfléttun starfsins við daglegt skólastarf en þær hlutu ekki hljómgrunn. Starfsemin fluttist til Íþrótt- og tólmstundasviðs árið 2004 og var eftir það almennt staðsett í sér húsnæði.

Ytri umgjörð: Umfangsmiklar byggingaframkvæmdir – breytt hönnun

Skóladagur nemenda lengdist um 3–6 kennslustundir á viku í kjölfar grunnskólalaga 1995, samanlagt um 43 kennslustundir á viku sem dreifðust á alla tólf árgangana en aukningin var mismikil milli árganga. Jafnframt lengdist



skólaár grunnskóla úr 170 dögum í 180 í kjölfar kjarasamnings árið 2001. Samanlagður kennslutími nemenda öll tólf ár grunnskólans lengdist því á sjö ára tímabili árin 1995–2001 um 20% (samsvarar um tveimur skólaárum).

Einsetning grunnskólanna var forsenda lengingar skóladagsins. Aðeins 14 almennir grunnskólar í Reykjavík voru einsetnir haustið 1996 og meira en 80 færarlegar kennslustofur í notkun (samsvarar nærri fjórum skólum með tólf árganga og tvo bekki í árgangi). Mikið verk lá því fyrir. Gerð var fimm ára áætlun um einsetningu allra grunnskóla í Reykjavík á grunni rýmisgreininga. Á tímabilinu 1997–2002 voru reistar viðbyggingar við 19 almenna grunnskóla og byggðir þrjár nýir skólar. Áætlunin stóðst og árið 2002 voru allir grunnskólar í Reykjavík einsetnir. Næstu fimm árin var byggt við fjóra skóla til viðbótar og reistir tveir nýir. Byggingaframkvæmdir voru á vegum Byggingadeildar borgarverkfræðings en undirbúningur unninn í samstarfi við yfirstjórn fræðslumála.

Skipulag skólabygginga hélst í stórum dráttum óbreytt alla 20. öldina, gjarna með skólastofur af sömu stærð og gerð með fram löngum gangi. Litið var svo á að skólabyggingar 21. aldar skyldu hannaðar í takt við einstaklingsmiðað nám, samvinnu nemenda og skóla án aðgreiningar og stefnt að skólum með opinni fjölnota miðju og kennslurýmum af mismunandi stærðum og gerðum.

Tekið var upp breytt vinnulag við undirbúning skólabygginga eftir kynnisferð aðila frá fræðsluráði, Fræðslumiðstöð og Byggingadeild til Minnesota í Bandaríkjunum árið 1999. Ráðin var bandarískur arkitekt til að stýra frumhönnun nýs grunnskóla í



Grafarholti, Ingunnarskóla, eftir markvissu samráðferli, Design Down Process, sem hann hafði tekið þátt í að móta og fræðslustjóri hafði nýlega kynnst. Þetta vinnuferli varð síðan fyrirmynd við hönnun annarra grunnskóla í borginni og víða um land.

Stuðningur við innleiðingu stefnu

Stuðningur við innleiðingu stefnumörkunar fólst einkum í ráðgjöf og símenntun fyrir allar starfsstéttir, þ.m.t. námskeið, kynnisferðir og verkefnastyrkir fræðsluráðs.



Sjálfsmynd nemenda og þættir tengdir henni eru enn í brennidepli og stöðugt kannaðir en erfitt er að meta þróun á því sviði.

Stór hluti starfsfólks Fræðslumiðstöðvar varði miklum tíma í skólunum við ráðgjöf um innra starf og umgjörð starfsins, einkum kennsluhætti, fjármál og starfsmannamál. Fræðslustjóri kom á starfsmannafundi í hverjum grunnskóla til að ræða þróunarmál og stefnumörkun að meðaltali annað hvert ár.

Strax eftir flutninginn voru fjárframlög til símenntunar og þróunarverkefna aukin talsvert í Reykjavík. Ákveðið var að úthluta fjármagni til starfsþróunar beint til einstakra skóla til að skipulag og framkvæmd væri á forræði skólanna sjálfra. Auk þess lagði borgin stórkæmið fé í Þróunarsjóð grunnskóla Reykjavíkur. Gerður var samningur

við Kennaraháskólann um framboð á starfsþróunarnámskeiðum.

Afdrif stefnu og umbótaverkefna

Seinna markmið höfunda þessarar greinar var að freista þess að varpa ljósi á afdrif umræddra stefnumiða og umbótaverkefna á árunum sem á eftir komu. Stuðst var við niðurstöður fyrirbyggjandi rannsókna, ytra mat á skólastarfi og tölulegar upplýsingar. Nefna má rannsóknir um stjórnun skóla og áhrif efnahagshrunsins á skólastarf en ekki síst umfangsmikla rannsókn á starfsháttum í grunnskólum frá 2014.

Niðurstöður benda til að afdrif umbótaverkefna sem snertu ytri umgjörð skólastarfs hafi staðist vel tímans tönn. Þar má nefna einsetningu grunnskóla með nemendamötuneytum sem náðist þegar haustið 2002. Hönnun skólahúsnæðis í Reykjavík og víða um land breyttist og rými skólahúsnæðis varð sveigjanlegra. Sjálfstæði grunnskóla með áherslu á nemendamiðaðar rammafjárvæitingar og fjölgun starfsstétta, s.s. námsráðgjafa, stuðningsfulltrúa og millistjórnenda er enn við lýði þrátt fyrir hnekki eftir hrun. Starfsmannaþjónusta við skólana í höndum mannauðsráðgjafa lifir enn góðu lífi í borginni. Reyndar er svo að sjá að fagleg forysta skólastjórnenda hafi fengið minna rými en lagt var upp með, sé tekið mið af svörum kennara í fyrrnefndir starfsháttarannsókn.

Aftur á móti virðist stefnan um innra starf eða nám og kennslu undir merkjum einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda, þ.m.t. skóli án aðgreiningar, hafa lifað af meira í orði en á borði. Þrátt fyrir áherslu á víðtækt samstarf og margvíslegan stuðning með símenntun og ráðgjöf náði stefnan ekki að festa rætur í daglegu skólastarfi nema að litlu leyti þótt hugtökin lifi góðu lífi í opinberri umræðu, m.a. í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og stefnumörkun margra sveitarfélaga. Teymiskennsluskólum hefur fjölgað. Niðurstöður á þessu sviði styðja kenningar um sífellda endurtekningu eldri hugmynda og íhaldssemi í kerfinu.

Sjálfsmynd nemenda og þættir tengdir henni eru enn í brennidepli og stöðugt kannaðir en erfitt er að meta þróun á því

sviði. Áherslu á þessa þætti má enn sjá í núgildandi aðalnámskrá grunnskóla, menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ og menntastefnu fyrir Ísland, báðar til ársins 2030. Aftur á móti skortir rannsóknir á áhrifum stefnu og aðgerða í þessum efnum.

Tengsl skóla og nærsamfélags virðast að sumu leyti laus í reipunum, útikennsla algeng en fátítt að aðilar úr grenndarsamfélaginu komi í skólana. Mikil samskipti eru milli kennara og foreldra um nám nemenda en minna um samstarf þessara aðila um námið eða þátttöku foreldra í námi barna sinna.

Reykjavíkurborg leggur nú fé í öflugla símenntunar- og þróunarsjóði skólanna. En starfsþróun og símenntun kennara, skólastjórnenda og annars starfsfólks grunnskóla landsins dreifist sem fyrr á margar hendur og sjóði og samhæfingu og yfirsýn skortir.



Stefna og umbótaaðgerðir í ljósi sjö leiðarstefja

Umbótastarfið var loks metið með hliðsjón af fræðilegri umfjöllun um sjö leiðarstefju í farsælli innleiðingu menntaumbóta (sbr. samantekt Önnu Kristínar Sigurðardóttur, 2019). Í stuttu máli virðist stefnumörkun og umbótaaðgerðir sem í var ráðist á árunum 1996–2005 í Reykjavík hafa einkennst af flestum þeim þáttum sem fræðimenn hafa talið árangursríka. Áhersla var á samstarf um stefnumörkunina á samráðsfundum með hagsmunaaðilum vítt og breitt um kerfið á hverju ári þar sem leitað var hugmynda og stuðlað að umræðum.

Nám og kennsla var í brennidepli, svo og fagleg forysta skólastjórnaenda, jöfnuður í umgjörð skólastarfs, samvirkni allra áherslupátta og nýting hlutlægra upplýsinga og rannsókna. Erfiðara reyndist hins vegar að tengja vettvang og yfirstjórn þegar kom að framkvæmd stefnu um innra starf. Tilraunir til áherslubreytinga í kennsluháttum hafa að öllum líkindum liðið fyrir hefðir og íhaldssemi í kerfinu þótt sambærilegar áherslur eigi sér langa sögu.

Lokaorð

Þótt stefnan og umbótaaðgerðirnar sem hér er lýst hafi á margan hátt verið

umfangsmiklar og verkefnið stórt í sniðum er undirstrikað að byggt var á traustum grunni og oft farnar troðnar slóðir. Um sígandi þróun var að ræða en til viðbótar beislaðir nýir straumar, eins og gerist á hverjum tíma, stundum farnar ótroðnar slóðir og jafnvel reynt á þölmörk hins hefðbundna. Höfundar vonast til að þessi athugun verði hvatning til frekari rannsókna á menntaumbótum, áherslum þeirra, innleiðingu og líftíma og ekki síst áhrifum á líðan og árangur nemenda. Menntamálin eru í stöðugri þróun og sífellt unnið að umbótum. Nýir tímar hafa í för með sér nýjar áskoranir sem áhugavert verður að takast á við í ljósi sögunnar.

KÆRAR ÞAKKIR FYRIR ÞINN STUÐNING VIÐ RAUÐA KROSSINN



Rauði krossinn sinnir mannúðaraðstoð og veitir sálrænan stuðning fyrir þolendur átakanna í Úkraínu. Við verðum á staðnum eins lengi og okkar er þörf til að koma nauðsynjavörum til íbúa og sjúkrastofnana, veita lækniástoð og aðgang að nauðsynlegum lækningabúnaði og tryggja aðgang að matvællum, vatni, hreinlætisvörum, fötum, húsaskjóli og fjárstuðningi fyrir þau sem hafa þurft að skilja allt eftir.



Umsóknir um fráveitustyrki 2022

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur auglýst eftir umsóknum sveitarfélaga um styrki vegna framkvæmda við fráveituverkefni fyrir árin 2020, 2021 og 2022. Umsóknir bárust frá 30 sveitarfélögum vegna 51 fráveituverkefnis og er áætlaður heildarkostnaður vegna þeirra um 4,3 milljarðar króna.

Öll verkefnin munu hljóta styrk, en styrkirnir eru veittir á grundvelli reglugerðar um úthlutun

styrkja til fráveitna sveitarfélaga. Styrkhæfar fráveitufamkvæmdir eru framkvæmdir við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, hreinsivirki, dælustöðvar og útrásir. Jafnframt eru styrkhæfar framkvæmdir við hreinsun ofanvatns, svo sem til að draga úr mengun af völdum örplasts.

Ráðuneytið vinnur að lokafrágangi á úthlutun styrkjanna og þess vænst að þeirri vinnu ljúki í apríl.



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

Umsókn um fjárhagsaðstoð

Stafrænt samvinnuverkefni í loftið

Umsókn um fjárhagsaðstoð er fyrsta samvinnuverkefni sveitarfélaga í stafrænni þróun inn á Ísland. is, þar sem tæknilegir innviðir Ísland.is eru nýttir. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er lögbundið verkefni og tóku sveitarfélögin ákvörðun um að vinna sameiginlega að þróun sjálfsafgreiðslulausnanna.

Fjárhagsaðstoð í nýju sjálfsafgreiðsluferli Verkefnið er liður í aðgerðaráætlun þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga og hlaut fjárstuðning að upphæð 100 m.kr. á fjárhagsári 2020 sem liður í Covid aðgerðum.

Verkefnið er leitt af stafrænu umbreytingarteymi sambandsins í samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélaga og lögfræði- og velferðarsvið sambandsins. Hafnarfjarðarbær tók þátt í þróunarfasa og er því fyrst til að taka lausnina í notkun, sjá umsókn um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ. Hugbúnaðarfyrirtækin Kolibri og Andes voru samstarfsaðilar ásamt innanríkisráðuneyti. Nú er unnið eftir innleiðingaráætlun til að tengja fleiri sveitarfélög við lausnina.

Lausnin felur í sér mikinn verksparnað fyrir umsækjanda og starfsfólk. Hún byggir í grunninn á hliðstæðri lausn Reykjavíkurborgar sem tekin var í notkun árið 2019 og hefur hlotið mikið lof og viðurkenningu.

Sjálfvirk gagnaöflun frá Þjóðskrá og Skattinum einfaldar ferlið umtalsvert

Markmiðið er að einfalda og bæta þjónustu við notendur hvar á landinu

sem þeir búa, fækka skrefum og um leið tryggja öryggi við umsýslu umsókna. Lausnin er hýst á Ísland.is og viðhaldið miðlægt. Sjálfvirk gagnaöflun frá Þjóðskrá og Skattinum felur í sér mikinn verksparnað fyrir umsækjendur. Tengingar við fleiri gagnaskrár eru áformaðar í áframhaldandi þróun velferðarlausna fyrir sveitarfélögin.

Hannað með þarfir notenda í huga

Mikil áhersla er á að lausnin sé hönnuð út frá þörfum notenda. Umsækjandi þarf aðeins að skrá sig með rafrænum skilríkum, svara nokkrum spurningum, veita heimild til að sækja gögn og fær í kjölfarið skýra sýn á stöðu umsóknar og næstu skref. Áframhaldandi samskipti fara í gegnum umsóknargátt á Ísland.is

og er afgreiðsla send umsækjanda beint úr kerfinu. Ráðgjafar hjá Hafnarfjarðarbæ sjá mikil tækifæri til að bæta enn frekar þjónustu og samskipti við sína skjólstæðinga. Tími sparast, sem áður fór í umsýslu með skjöl og útskýringar á flóknu ferli, og hægt er að nýta fjármagn og tíma starfsfólk til að veita betri þjónustu við umsækjendur.

Þróun lausnanna hefur falið í sér mikinn lærdóm, mjög margir aðilar þurftu að leggja saman krafta til að dæmið gengi upp, bæði frá Stafrænu Íslandi, sveitarfélögum, fyrirtækjum, Skattinum og Þjóðskrá. Verkefnið hefur rutt brautina fyrir áframhaldandi þróun á stafrænni þjónustu sveitarfélaga inn á Ísland.is og boðar gott um næstu skref í sameiginlegri vegferð sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu.

Fyrirspurnum mun fækka

„Ávinningur af þessu verkefni er mikill fyrir umsækjendur og starfsfólk. Ferlið verður styttra, minni pappírsvinnsla, kolefnissporið minnkar með minni keyrslu milli staða, fyrirspurnum mun fækka, lítil bið verður eftir gögnum og almennt hraðari afgreiðsla. Umsækjandinn sér strax hvar í ferlinu umsóknin er og ferlið verður allt aðgengilegra, skilvirkara og hagkvæmara.“

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar.



Að þrjúna ný mynstur daglega – skólastarf í heimsfaraldri

Nú lýkur senn þessu kjörtímabili sem hefur vægast sagt verið afar sérstakt. Kjörtímabilið hefur í raun verið fordæmalaust þar sem að rúmlega helming tímans höfum við lifað við heimsfaraldur sem hefur haft gríðarleg áhrif á líf okkar allra. Nú virðist sem við séum loksins að sjá til lands og komast út úr því ástandi sem að faraldurinn hefur skapað okkur, langhlaupinu fer vonandi að ljúka og við öll reynslunni ríkari á eftir.

Í þau rúmu tvö ár sem áhrifum heimsfaraldurs hefur gætt í samfélaginu með tilheyrandi samkomutakmörkunum hafa yfirvöld lagt ríka áherslu á að sem minnst röskun yrði á skólastarfi í landinu. Skólinn er eitt af okkar mikilvægustu jöfnunartækjum og daglegt skólastarf gríðarlega mikilvægt fyrir öll börn. Námið sjálft er börnunum að sjálfsögðu mikilvægt en ekki síður sú félagslega virkni, aðhald og dagleg rúttína sem fylgir skólagöngunni.

Eðlilegt skólastarf við óeðlilegar aðstæður

Undanfarin tvö ár hafa verið stórkostleg áskorun fyrir helsta framlínustarfsfólk sveitarfélaganna, starfsfólkið okkar í leik- og grunnskólum. Dag hvern hafa stjórnendur skólanna staðið frammi fyrir flóknum úrlausnarefnum í því mikilvæga verkefni að halda daglegu skólastarfi gangandi. Stjórnendur og starfsfólk í skólum er orðið að sérfræðingum í að þrjúna daglega ný mynstur og að hugsa út fyrir kassann í þeirri viðleitni að halda uppi sem eðlilegustu skólastarfi við algerlega óeðlilegar aðstæður. Að vinna dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð út frá faliðunarætlunum, þar sem enginn tími er fyrir neitt annað en að halda skútunni á floti er gríðarlega krefjandi.

Skólarnir stóðu frammi fyrir ótrúlega mörgum nýjum verkefnum þar sem ekki var mögulegt að styðjast við fyrri reynslu til þess að leysa. Skólastjórnendur voru



Arna Ír Gunnarsdóttir
Bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg.

meira að segja farnir að sinna daglegum almannavarnarverkefnum eins og smitakningu. Þetta hefur auðvitað haft þau áhrif að lítil tími hefur verið aflögu til að sinna faglegri forystu, stuðningi við starfsfólk eða annarri faglegri þróunarvinnu sem er nauðsynlegur þáttur í nútíma skólastarfi.



Undanfarin tvö ár hafa verið stórkostleg áskorun fyrir helsta framlínustarfsfólk sveitarfélaganna, starfsfólkið okkar í leik- og grunnskólum.

Það er í raun algerlega aðdáunarvert hversu vel skólastarfið hefur gengið þrátt fyrir allt. Ég vil sem foreldri og bæjarfulltrúi færa öllu starfsfólki í leik- og grunnskólum í Sví. Árborg miklar þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að standa í framlínunni í heimsfaraldrunum og halda skólastarfinu gangandi.

Nú verður verkefni sveitarfélaganna að leggja ríka áherslu á að hlúa að og huga að líðan starfsfólks grunn- og leikskóla eftir þennan flókna og erfiða tíma.

Næst síðasta orðið

Sveitarstjórnarfolk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.

Það þarf að styðja við starfsfólkið með margvíslegum hætti eins og t.d. með viðeigandi fræðslu- og námskeiðishaldi sem tekur mið af því sem á undan er gengið. Það þarf að halda þétt utan um starfsmenn, því sveitarfélög reka ekki skóla án öflugs starfsfólks.

Áhrif heimsfaraldurs á nemendur

Við getum verið sammála um að óvissan hafi verið hvað erfiðust í covid-ástandinu



Við erum öll reynslunni ríkari eftir þessa fordæmalausu tíma. Vonandi mun sú reynsla nýtast okkur til góðs þó svo að við viljum ekki upplifa viðlíka tíma aftur.

og óvissa getur nært kvíða og áhyggjur hjá mörgum. Börn eru viðkvæmari fyrir breytingum en þeir sem eldri eru og þörf þeirra fyrir ramma í daglegu lífi er óumdeildur. Afar mikilvægt er að fylgjast vel með líðan og hegðun nemenda nú þegar lífið er aftur að komast í eðlilegt horf og reyna að grípa eins fljótt inn í og kostur er með viðeigandi úrræðum ef viðvörunarljós kvikna.

Áhrif heimsfaraldurs sjást m.a. í aukinni skólaforðun sem þarf að vinna markvisst með. Skólaþjónustan í Árborg hefur unnið samræmdar verklagsreglur vegna skólaforðunar fyrir grunnskólana í Árborg þar sem lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Það þarf ekki að fjölyrða um hversu gríðarlega mikilvægt er að grípa strax inn í ef merki sjást um skólaforðun hjá nemendum. Að grípa strax inn í og beina nemanda inn á rétta braut aftur er ákaflega dýrmætt og getur komið í veg fyrir djúpstæða erfiðleika síðar meir

sem verða mun kostnaðarsamari fyrir samfélagið heldur en sú íhlutun sem er möguleg snemma í ferlinu.

Að sjálfsögðu hefur þessi covid tími verið erfiður fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna þar sem hin mikilvæga daglega rúttina hefur oft og tíðum riðlast algerlega. Margir foreldrar hafa misst mikið úr vinnu og reynt hefur verulega á heimilin. Mig langar líka að nota þetta tækifæri og þakka foreldrum fyrir skilning og þolinmæði þegar fella hefur þurft niður skólahald eða loka deildum í ástandinu, því þrátt fyrir mikla viðleitni starfsfólks hefur því miður stundum þurft að grípa til þess.

Við erum öll reynslunni ríkari eftir þessa fordæmalausu tíma. Vonandi mun sú reynsla nýtast okkur til góðs þó svo að við viljum ekki upplifa viðlíka tíma aftur.



Selfoss horft yfir Ölfusá til Ingólfsfjalls. Ljósmynd: Freysteinn G. Jonsson /Unsplash.

Að lokum

Þar sem ég stend í Menningarhúsinu Hofi á Landsþingi sambandsins haustið 2014 vindur „gamall refur“ í sveitarstjórnarmálum sér upp að mér og spyr hvernig mér gangi að komast inn í starfið. Ég reyni að bera mig vel þrátt fyrir aðeins sveitta efrivör og tjái viðkomandi að það gangi bara fínt. Mér fannst hann strax sjá í gegnum mig, er hann með föðurlegri röddu sagði; „Þú skalt venja þig strax við það Kristján minn að starf sveitarstjóra á Íslandi er eins og íslenska veðrið. Í fyrsta lagi veist þú andskotann aldrei almennilega við hverju þú átt að búast og í annan stað koma ekki tveir menn saman öðru vísi en að tala um þig. Enginn er fyllilega ánægður með þig nema yfir blásumarið, en þá ert þú líka í fríi.“

Mér finnst þessi skilgreining á starfinu dálítið skemmtileg og örugglega heilmikið til í henni. Ég gat svo sem ekki annað en tekið undir með þessum ágæta manni, allavega hvað varðaði það við hverju mætti búast í starfinu. Innan fárra daga frá því ég hafði tekið við lykklunum á Húsavík fann ég mig í fyrsta skipti á ævinni í almannavarnahlutverki, því gos var hafið í Holuhrauni með tilheyrandi dómsdagsspám um hamfarahlaup, ýmist niður Skjálfandafljót eða Jökulsá á Fjöllum. Það má með sanni segja að ég hafi fengið eldskírni í starfi, næstum í bókstaflegri merkingu.

Á þeim tímamótum sem ég stend á koma ósjálfrátt upp í hugann fjöldinn allur af málum, atvikum og atburðum sem hafa mótað mann sem einstakling gegnum starfið. Mér finnst ég hafa notið mikilla forréttinda að standa í forsvari fyrir samfélag sem mér þykir einkar vænt um og ég hef fengið að takast á við gríðarlegan fjölda fjölbreyttra verkefna. Atvinnuuppbygging, stórframkvæmdir, forsetaheimsóknir, kvikmyndaverkefni, barátta um háspennulínulagnir, stefnumótun í skólamálum og allt þar á milli. Í raun er erfitt að ímynda sér fjölbreyttara starf en þetta. Þar af leiðandi kemur líklega enginn fullskapaður inn í



Kristján Þór Magnússon
Sveitarstjóri Norðurþings.



Þú skalt venja þig strax við það Kristján minn, að starf sveitarstjóra á Íslandi er eins og íslenska veðrið. Í fyrsta lagi veist þú andskotann aldrei almennilega við hverju þú átt að búast og í annan stað koma ekki tveir menn saman öðru vísi en að tala um þig. Enginn er fyllilega ánægður með þig nema yfir blásumarið, en þá ert þú líka í fríi.

starf sem þetta og sannarlega ekki ég. Þær eru ófáar hurðirnar sem maður hefur hlaupið á. Hér og þar liggja verkefni sem ekki hafa komist í framkvæmd eða ekki gengið upp og bílfarmar af hugmyndum hafa dagað uppi á teikniborðinu. En því betur hafa líka orðið framfarir, breytingar og umbætur sem tekist hafa vel og skilað (að mínu mati) samfélaginu áfram veginn.

Síðasta orðið

Sveitarstjórnarfolk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.



En starf sveitarstjóra er oft alveg kostulegt. Ýmis atvik hafa komið upp þar sem ég hef hreinlega hlegið upphátt að aðstæðum sem maður finnur sig í. Hvað er annað hægt þegar þú stendur á nærbuxunum í stofunni heima hjá þér undir miðnættið, heldur símanum upp að eyranu og reynir að taka þátt í mikilvægum áriðandi fundi við iðnaðarráðherra, lögmenn og embættismenn, en heldur á ungabarni á hinum arminu sem er búið að skila duglega af sér í bleyjuna. Nú eða þá þegar þú átt von á forsætisráðherra í heimsókn, þú gengur inn á skrifstofuna þína og hún ilmar eins og kardimommuverksmiðja því þar hefur vel kenndur eldri maður komið sér haganlega fyrir í stólnum þínum og spyr „hver ræður hér!?“

Þegar öllu eru á botninn hvolft eru það ómetanleg samskipti við vinnufélaga, íbúa og alls konar hagsmunaaðila sem standa uppúr þegar þessi tími er gerður upp. Við værum óskaplega fátæk ef ekki væri fyrir fólkíð í kringum okkur. Þakklætið ber mann næstum ofurliði þegar kemur að fjölskyldunni, vinnufélögum og öðrum sem gera alla daga betri, lyfta þér upp og passa uppá að aðstæður þínar séu ávallt eins góðar og kostur er. Í vor mun ég ganga stoltur og sáttur frá borði og hlakka til að fylgjast áfram vel með sveitarfélaginu mínu vaxa og dafna. Það verður góð tilfinning að skila lykklunum af skrifstofunni vitandi það að sveitarfélagið og rekstur þess er á betri stað en þeim sem blasti við haustið 2014.

”

Það verður góð tilfinning að skila lykklunum af skrifstofunni vitandi það að sveitarfélagið og rekstur þess er á betri stað en þeim sem blasti við haustið 2014.



Hvers vegna eru kröfuhafar að flytja innheimtuna til okkar?

Vegna peninganna

Þjónusta Inkasso er gjaldfrjálst fyrir kröfuhafa. Engin árgjöld og **innheimtukostnaður felldur niður orðalaust**. Sjálfvirkni, beintengingar við bókhaldskerfi, árangursmælingar og samtíma-uppgjör auka svo á skilvirkni og bæta fjárlæði.

Vegna viðskiptasambandanna

Fagleg meðhöndlun viðkvæmra mála, sveigjanleiki og fjölbreyttar lausnir ásamt **stöðugum ánægjumælingum** skila góðum heimtum og ánægðum greiðendum. Viðskiptavinir þínir eiga ekki að fá hnút í magann þegar þeir fá bréf frá okkur.

Vegna samfélagsins

Við stundum samfélagslega ábyrga innheimtu með því að skapa verðmæti bæði fyrir kröfuhafa, greiðendur og samfélagið. **Við styðjum við 7 af 17 Heimsmarkmiðum** Sameinuðu þjóðanna. Nánar á inkasso.is

inkasso

inkasso.is

Sími 520 40 40